FRÉTTABLAÐIÐ
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —






Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is

©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

# FRÉTTABLAÐIÐ

221. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 22. SEPTEMBER 2015




**Hundraðasti landsleikurinn í Laugardalnum í kvöld** Margrét Lára Viðarsdóttir verður í kvöld sjötti íslenski knattspyrnumaðurinn sem nær því að spila 100 A-landsleiki fyrir Ísland en þessu nær hún í leik á móti Hvíta-Rússlandi í undankeppni EM 2017. Margrét Lára er önnur í sögunni til að ná þessu tímamótum fyrir þrítugt og sú fyrsta til að spilað hundraðasta landsleikinn á heimavelli síðan Katrín Jónsdóttir náði því árið 2010. Sjá síðu 20 Fréttablaðið/Pjetur

## 30 milljónir í dagpeninga þingmanna

**ALÞINGI** Þingmenn hafa farið til útlanda í 409 skipti á vegum þingsins það sem af er þessu kjörtímabili og hafa verið utan í um 1.280 daga. Kostnaður við dagpeningagreiðslur þingmanna nemur um 28,5 milljónum króna.

Birgir Ármannsson, fyrrverandi formaður utanríkismálanefndar þingsins, hefur farið utan í 30 skipti á þessu kjörtímabili og verið á fundum erlendis í samtals 86 daga. Karl Garðarsson, formaður Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins, kemur næstur með 29 ferðir og samtals 84 daga. Ögmundur Jónasson, sem einnig situr í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins, hefur farið til útlanda 24 sinnum í samtals 70 daga.



Birgir Ármannsson

Ef þingmenn njóta þess í heimsóknum sínum að vera í fríu fæði eða fá boð í veislur er skylt að draga það frá greiðslum dagpeninga samkvæmt reglum frá árinu 2004.

Samkvæmt Helga Bernódussyni, skrifstofustjóra Alþingis, hefur þessum reglum hins vegar ekki verið fylgt og því fá þingmenn fulla dagpeninga hvort sem þeir þurfa að greiða fyrir eigið uppihald eða ekki.

– sa / sjá síðu 8

# Fljúga til Egilsstaða ef Íslendingar borga með

**Breska ferðaskrifstofan Discover the World hefur hug á að fljúga milli Egilsstaða og Gatwick næsta sumar. Ákvörðunin er háð því að íslenska ríkið leggi fé í markaðssetningu vegna flugsins. Einnig er í skoðun flug til Akureyrar.**

**SAMGÖNGUR** Samkomulag er um það bil að nást við ferðaskrifstofuna Discover the World um beint flug á milli Egilsstaða og Gatwick-flugvallar næsta sumar. Fiona Reece, talsmaður Discover the World, segir þó að samkomulagið sé háð því að stjórnvöld séu reiðubúin til þess að styðja við flugið með opinberum framlögum.

„Það er von okkar að við munum fá styrk frá íslenskum stjórnvöldum til þess að markaðssetja flugið í Bretlandi. Þetta er mjög eðlilegt innan ferðaþjónustunnar og Discover the World mun sjá um rekstur flugvélarinnar sjálfrar,“ segir Reece og bætir því við að vonast sé til að unnt verði að gefa út fréttatilkynningu um tilhögun flugsins von bráðar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er þess vænst að flogið verði tvisvar í viku og að flugið hefjist í maí.

Í mars síðastliðnum samþykkti ríkisstjórnin tillögu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra um að skipa starfshóp undir forystu Matthíasar Imsland, sem fékk það verkefni að kanna hvernig koma mætti á reglulegu millilandaflugi um flugvellina á Akureyri og Egilsstöðum. Samkvæmt tillögunni átti starfshópurinn að vera skipaður til þriggja mánaða og skila af sér tillögum í formi aðgerða- og kostnaðaráætlunar.

Nefndin mun skila tillögum í næstu viku. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður þar kveðið á um þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að samningar við Discover the World náist. Matthías Imsland vildi ekkert tjá sig þegar Fréttablaðið bar málið undir hann. En samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður grunnhugmyndafræðin sú að á upphafstíma flugsins fari visst hlutfall af tekjum ríkisins á hvern ferðamann sem kemur með fluginu í greiðslur á markaðssetningu flugsins.

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir að ef flugið yrði að veruleika þá myndi það sannarlega auka enn á dreifingu ferðamanna og styðja mjög við ferðaþjónustuna á Austurlandi.

„Við þurfum bæði að horfa til dreifingar um landið allan ársins hring og líka dreifingar innan minni svæða,“ segir Helga. Það þurfi að skipuleggja ferðaþjónustuna þannig að horft verði á landsvæðin sem eina heild,“ segir Helga. Þetta sé einn liður í því.

– jhh

> Við þurfum bæði að horfa til dreifingar um landið allan ársins hring og líka dreifingar innan minni svæða.
>
> Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar



## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Ögmundur Jónasson skrifar um samfélagsbanka. 16

**SPORT** Tveir af bestu leikstjórnendum landsins spila hlið við hlið í KR í vetur. 18

**MENNING** Danir á Íslandi og áhrif þeirra á síðustu öld. 26

**LÍFIÐ** Justin Bieber og Mads Mikkelsen á landinu. 32-34

**PLÚS 1 SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


Pinex® Smelt

Munndreifitöflur 250 mg



Actavis

HVÍTA HÚSIÐ / Actavis 511072

## Veður



Hvessir aftur af suðaustri með rigningu um sunnan og vestanvert landið en hægari vindur í öðrum landshlutum og þurrt þar fyrripart dags. Hægari suðvestanátt og lítilsháttar væta suðvestan til í kvöld. Milt í veðri.

SJÁ SÍÐU 24

# Síðustu sumardagarnir nýttir



Borgarbúar glöddust margir yfir mildu haustveðri í gær. Þessar ungu stúlkur nýttu tækifærið vel og böðuðu sig í Nauthólsvík. Fréttablaðið/Vilhelm

## Vilja athugun á stjórnsýslunni

**STJÓRNSÝSLA** Samherji fer fram á allsherjarathugun bankaráðs Seðlabanka á stjórnsýslu bankans og embætti seðlabankastjóra „að því er snertir gjaldeyriseftirlit, einkum og sér í lagi í tengslum við húsleit, rannsókn, samskipti, kærur og fjölmiðlaumfjöllun Seðlabanka Íslands um málefni Samherja“ í bréfi sem stjórn Samherja sendi bankanum í gær.

Bréfið er sent í kjölfar ákvörðunar sérstaks saksóknara um að vísa frá máli Seðlabankans gegn Þorsteini Má Baldvinssyni, forstjóra Samherja, og þremur öðrum starfsmönnum fyrirtækisins, er sneri að meintum brotum Samherja á gjaldeyrislögum. Málið var fellt niður þann 4. september síðastliðinn.

Í kjölfar niðurfellingarinnar sagði Þorsteinn Már málið byggt á persónulegum illvilja Más Guðmundssonar seðlabankastjóra. „Að lokum er rétt að benda á óviðeigandi viðbrögð og ummæli seðlabankastjóra í kjölfar niðurfellingar embættis sérstaks saksóknara á málinu. Embættið byggði þá niðurstöðu á því, eftir tveggja ára rannsókn, að ekkert væri að finna í gögnum málsins sem benti til þess að refsiverður verknaður hefði verið framinn,“ segir í bréfi Samherja.

Viðbrögðin sem vísað er til eru orð Más Guðmundssonar seðlabankastjóra um að málið hafi verið fellt niður „vegna lagaklúðurs“.

„Að mati stjórnar Samherja hf. hefur mál þetta varpað ljósi á alvarlegar brotalamir í stjórnsýslu og starfsemi Seðlabankans, sem og seðlabankastjóra sjálfs, í gjaldeyrismálum,“ segir í bréfi stjórnar Samherja. **- þea**

> **Hefur mál þetta varpað ljósi á alvarlegar brotalamir í stjórnsýslu og starfsemi Seðlabankans.**
>
> Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja



## Scott Walker dregur sig í hlé

**BANDARÍKIN** Scott Walker, ríkisstjóri Wisconsin, sækist ekki lengur eftir útnefningu Repúblikanaflokksins til forsetaframboðs. Frá þessu greindi New York Times í gærkvöldi og vitnaði til nafnlauss heimildarmanns.

Heimildarmaðurinn er einn þeirra fjársterku sem stutt hafa Walker og sagðist ólmur vilja það áfram en geta það ekki því aðrir hefðu dregið stuðning sinn til baka. Þá hafi Walker ákveðið að lýsa yfir ósigri þar sem hann vildi ekki „haltra“ inn í forkosningarnar án fjármagns.

Walker mældist í sumar með tuttugu prósenta fylgi þegar allt lék í lyndi og var lengi vel hæstur í Iowa, þar sem kosið er fyrst allra fylkja í forkosningum. Í könnun sem CNN birti í gær mældist fylgi hans hins vegar undir hálfu prósenti. **- þea**




# Nýtt alþjóðlegt nám á unglingastigi

**Alþjóðaskólinn stækkar verulega við sig og ætlar að bjóða upp á nám á unglingastigi. Á sama tíma tekur skólinn upp strangt vottunarferli og ætlar að verða samkeppnishæfur á erlendum vettvangi.**

**MENNTAMÁL** „Við viljum brúa bilið á milli grunnskóla og menntaskóla, segir Hanna Hilmarsdóttir, skólastjóri Alþjóðaskólans á Íslandi, sem er skóli einn sinnar tegundar á landinu. Hann er alþjóðlegur og tvítyngdur.

Nemendur skólans geta hafið nám í fimm ára bekk. Í haust var bætt við 8. bekk og stefnt er að því að bæta við 9. og 10. bekk í framhaldinu. „Við höfum kennt á grunnskólastigi í rúm tíu ár, það hefur hins vegar vantað nám á unglingastigi sem undirbúning undir framhaldsskóla,“ segir Hanna, en alþjóðleg braut er kennd við Menntaskólann við Hamrahlíð.

Alþjóðaskólinn hefur hafið vottunarferli hjá CIS (Council of International Schools) og Hanna segist vilja innleiða nám á unglingastigi samhliða vottunarferlinu. „Við hér á Íslandi viljum vera samkeppnishæf við aðra alþjóðlega skóla úti í heimi og fannst kjörið að gera þetta samhliða.“

Í Alþjóðaskólanum er kennt eftir International Primary Curriculum og námsmarkmiðum; Aero. „Ég lýsi stundum muninum með því að hjá okkur er allur heimurinn undir. Öll lönd, öll trúarbrögð og menning eru jafnrétthá. Börnin sem eru á tvítyngdri braut læra bæði íslensku og ensku og eru þjálfuð í að nota gögn á báðum tungumálum frá sex ára aldri, til dæmis í stærðfræðinámi.“

Hanna segir nemendahópinn samanstanda af íslenskum og erlendum nemendum, sumum tvítyngdum og sumum jafnvel fjöltyngdum. „Sumir eru tímabundið í skólanum, foreldrarnir eru starfsmenn sendiráða eða fyrirtækja. Önnur hafa verið með íslenskum foreldrum sínum sem hafa starfað úti eða verið í námi og enn önnur eru tvítyngd og jafnvel þrítyngd. Þá hugsa foreldrarnir sér jafnvel til hreyfings á ný og vilja halda við færni barnanna. Það er jafnan ekki stór nemendahópur hér, en hann fer stækkandi.“



Hanna Hilmarsdóttir, skólastjóri Alþjóðaskólans, með tveimur nemendum skólans á grunnskólastigi. Fréttablaðið/Vilhelm

> **Hjá okkur er allur heimurinn undir. Öll lönd, öll trúarbrögð og menning eru jafnrétthá.**

Skólinn er einkaskóli og því eru innheimt skólagjöld. Þau eru misjöfn eftir því í hvaða sveitarfélagi nemendur búa. Þá hafa fyrirtæki styrkt börn starfsmanna, sem hingað flytjast, til námsins. **kristjanabjorg@frettabladid.is**


Audi
Vorsprung durch Technik
Audi Q5
Kraftur, hönnun og sparneytni
Q5 2.0 TDI quattro, 190 hö, 8,4 sek 0-100 km/klst., frá 7.990.000 kr.
Q5 3.0 TDI quattro, 258 hö, 5,9 sek 0-100 km/klst., frá 9.290.000 kr.
SQ5 3.0 TDI quattro, 313 hö, 5,1 sek 0-100 km/klst., frá 11.590.000 kr.
H
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · www.audi.is



**Í nýrri bók um David Cameron forsætisráðherra Bretlands kemur fram að hann hafi meðal annars haft samræði við svín.** Fréttablaðið/EPA

# Ashcroft hefnir sín á Cameron

**BRETLAND** David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, fær það óþvegið í óopinberri ævisögu, sem fyrrverandi félagi hans úr Íhaldsflokknum, Ashcroft lávarður, skrifaði um hann.

Ashcroft hefur haft horn í síðu forsætisráðherrans allar götur frá því að Cameron stóð ekki við loforð um að útvega Ashcroft mikilvægt embætti í kjölfar kosninganna árið 2010.

Í bókinni dregur Ashcroft fram sögur um að Cameron hafi á yngri árum notað kannabisefni, auk þess sem hann segist hafa séð ljósmyndir sem staðfesti orðróm um að Cameron hafi á skólaárum sínum tekið þátt í undarlegri vígsluathöfn, þar sem hann hafi stungið lim sínum inn í haus af svíni.

Þá fullyrðir Ashcroft að Cameron hafi haft fulla vitneskju um að hann hafi átt fé á aflandsreikningum löngu áður en ágreiningur kom upp á milli þeirra stuttu fyrir kosningarnar 2010. Cameron sagðist þá ekki hafa vitað af þessu nema í nokkrar vikur.

Cameron hefur engu viljað svara þessu fullyrðingum Ashcrofts, en breskir fjölmiðlar fjölluðu mikið um þetta allt saman í gær. – **gb**

# LOGOS hagnaðist um 616 milljónir

**VIÐSKIPTI** LOGOS slf., sem rekur lögfræðiskrifstofuna Logos í Reykjavík og dótturfélagið LOGOS Legal Services Limited í Bretlandi, hagnaðist um 616 milljónir króna á síðasta ári. Rekstrartekjur samstæðunnar námu 2,2 milljörðum og lækkuðu um 200 milljónir á milli ára. Rekstrartekjur móðurfélagsins námu 1,7 milljörðum. Eigið fé félagsins í árslok nam 678 milljónum króna. Eignir samstæðunnar námu 1,3 milljörðum. Laun og launatengd gjöld samstæðunnar námu 922 milljónum króna og var meðaltal stöðugilda á árinu 71,8. Laun framkvæmdastjóra námu 12,6 milljónum króna á árinu og hækkuðu um 1,4 milljónir milli ára. Ekki voru greidd stjórnarlaun. – **sg**



**Björn Zoëga telur að mögulega væri hægt að mæta auknum útgjöldum í heilbrigðiskerfinu með meiri kostnaðarþátttöku efnameiri sjúklinga.** Fréttablaðið/Getty

# Hundrað þúsund á mann

**Útgjöld til heilbrigðismála námu samtals 33 milljörðum í fyrra, eða 100 þúsund krónum á mann. Framlag ríkisins verður 160 milljarðar á næsta ári. Viðskiptaráð telur að virkja verði einkaframtakið betur.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Aukin skattheimta og vaxandi kostnaðarhlutdeild sjúklinga eru ekki sjálfbærar leiðir til að glíma við framtíðaráskoranir við fjármögnun heilbrigðiskerfisins. Stjórnvöld ættu frekar að horfa til aukinnar hagkvæmni í rekstri, til að mynda með því að virkja betur einkaframtakið í heilbrigðisþjónustu og skýrari afmörkun þeirrar þjónustu sem hið opinbera fjármagnar. Þetta kemur fram í Skoðun Viðskiptaráðs, Höldum heilsunni, sem gefin var út í gær.

Björn Zoëga, formaður verkefnastjórnar um betri heilbrigðisþjónustu, segist ekki að öllu leyti sammála þessari ályktun. Hann telur að spítalinn hafi áður sannað að hægt sé að ná hagkvæmni hjá opinberum fyrirtækjum, án aukinnar einkavæðingar.

Í Skoðuninni kemur fram að samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2016 verður 160 milljörðum varið til heilbrigðismála. Þetta er stærsti útgjaldaliður hins opinbera, eða um fjórðungur heildarútgjalda. Í fyrra námu útgjöld einstaklinga til heilbrigðismála um 33 milljörðum króna, sem jafngildir að meðaltali 100 þúsund krónum á mann. Innifalið í því eru aðalflokkarnir lyf, hjálpartæki, heilsugæsla, sérfræðiþjónusta, tannlækningar, sjúkrahúsþjónusta og sjúkraþjálfun.

Á síðustu 30 árum hafa heilbrigðisútgjöld sem hlutfall af landsframleiðslu aukist úr 7,3% upp í 8,9% samtímis því að aldurssamsetning þjóðarinnar breyttist tiltölulega lítið. Næstu 30 ár mun aldurssamsetningin breytast til muna; öldruðum mun fjölga ört og einstaklingum á vinnufærum aldri fækka. Því má áætla að heilbrigðisútgjöld muni vaxa nær þrefalt hraðar.

Björn telur mögulega hægt að mæta auknum útgjöldum með hærri kostnaðarþátttöku efnameiri sjúklinga. „Ég held að það sé spurning um pólitíska útfærslu hvort eigi að taka sjúklingagjöld eða skattgreiðslu," segir hann.

Viðskiptaráð telur æskilegra fyrirkomulag að opinber útgjöld vegna heilbrigðismála fari í auknum mæli í gegnum Sjúkratryggingar. Fjárframlög til einstakra rekstraraðila myndu þá byggja á magni og gæðum þeirrar þjónustu sem viðkomandi aðili veitir. Það fyrirkomulag myndi jafnframt opna fyrir aukna aðkomu einkaaðila að veitingu heilbrigðisþjónustu sem hið opinbera fjármagnar. Með auknum einkarekstri á ákveðnum sviðum heilbrigðisþjónustu sem sambærileg eru við almenna atvinnustarfsemi telur ráðið að hægt sé að mynda samkeppni um þjónustu. Með því að bjóða út tímabundna samninga um veitingu þjónustu geta stjórnvöld tryggt að ávinningur af auknu rekstrarhagræði skili sér í lægri kostnaði fyrir skattgreiðendur.

**Ég held að það sé spurning um pólitíska útfærslu hvort eigi að taka sjúklingagjöld eða skattgreiðslu.**



Björn Zoega, fyrrverandi forstjóri Landspítalans

Björn telur alltaf gott að hafa ákveðið aðhald sem einkareksturinn gefur, en á móti kemur að þar er öðru vísi krafa um arðsemi og einhvers staðar verði hún tekin út. „Ég held að spítalinn hafi áður sannað að það er hægt að ná hagkvæmni hjá opinberum fyrirtækjum líka, það fer bara eftir því hvernig þú setur upp hvata, og setur upp stofnunina eða fyrirtækið. Mér finnst það ekki hafa sýnt sig neins staðar annars staðar að aukin einkavæðing sé lausn á málum. Ef umgjörðin hjá hinu opinbera er þannig að það séu í fyrsta lagi réttir hvatar og þar að auki að stofnuninni verði gert að reka sig með sömu forsendum og einkarekstur, þá get ég ekki séð að það sé annað en jákvætt fyrir samfélagið," segir Björn.

**saeunn@frettabladid.is**




# Evrópusambandið fagnar sigri Tsipras

**GRIKKLAND** „Framkvæmdastjórnin óskar Alexis Tsipras til hamingju með sigurinn," sagði Margaritis Schinas, talsmaður framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, við fréttamenn í gær.

Tsipras vann ótvíræðan sigur í þingkosningum á sunnudaginn, litlu minni sigur en þann sem hann vann í byrjun ársins þegar vinstriflokkur hans, SYRIZA, komst til valda út á harða gagnrýni sína á samstarf fyrri stjórnar við Evrópusambandið og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Schinas minnti á að í sumar hefði Tsipras samið við Evrópusambandið um erfiðar aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum. Með sigri sínum hefði Tsipras og flokkur hans tryggt sér umboð þjóðarinnar til að framkvæma þessar aðgerðir eins og um var samið.

„Mikið verk er óunnið og engan tíma má missa," sagði Schinas.

SYRIZA hlaut 35 prósent atkvæða og getur myndað nauman meirihluta með samstarfsflokki sínum, Óháðum Grikkjum, sem fékk þó innan við fjögur prósent atkvæða. Saman eru flokkarnir með 155 þingsæti af 300.



**Alexis Tsipras gekk í gær á fund Prokopis Pavlopúlos forseta, eftir að hafa unnið nokkuð óvæntan kosningasigur um helgina.** NordicPhotos/AFP

Sigurinn er nokkuð óvæntur, ekki síst vegna þess að margir þingmenn og flokksfélagar höfðu yfirgefið SYRIZA vegna óánægju með samninginn við Evrópusambandið.

Hægri flokkurinn Nýtt lýðræði hlaut næstflest atkvæði í kosningunum, og má búast við að sá flokkur muni styðja að miklu leyti aðhaldsaðgerðir stjórnarinnar, enda studdi flokkurinn samninginn við ESB í sumar. – **gb**




OPEL **INSIGNIA**

# ÞÝSKUR OG STÓRGLÆSILEGUR

## Bíll sem þú elskar að aka

**Opel Insignia** er eðalbíll sem sameinar glæsilegt útlit og afburða aksturseiginleika. Insignia hefur það allt; sparneytna vél, sportlegt útlit og ríkulegan staðalbúnað. Þetta er bíll sem þú elskar að keyra. Hann fæst í mörgum útgáfum og meira að segja fjórhjóladrifinn.

Kynntu þér Opel Insignia á opel.is eða á benni.is. Verið velkomin í reynsluakstur

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Reykjavík
Tangarhöfða 8
590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16 í Reykjavík
Laugardaga frá 10 til 14 í Reykjanesbæ

Wir leben Autos.

Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði án fyrirvara

Lykill

Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Opel á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bílabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skylt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.



**Ágreiningur meðal landeigenda hindrar uppbyggingu.** Fréttablaðið/Pjetur

# Bærinn skorar á landeigendur

**FERÐAÞJÓNUSTA** Bæjarstjórn Hornafjarðar skorar á eigendur jarðarinnar Fells við Jökulsárlón að hefja uppbyggingu við lónið. Í Sameigendafélaginu Felli eru yfir sextíu prósent eigenda Fells. Félagið hefur óskað eftir leyfi til að gera veg og bílastæði vegna ferðaþjónustu við lónið en bæjarstjórnin segir ekki hægt að gefa út framkvæmdaleyfi því nauðsynlegt samþykki allra landeigenda liggi ekki fyrir.

„Eigendur hafa ekki getað komið sér saman um framkvæmd eða framkvæmdaaðila til að byggja upp,“ segir bæjarstjórnin og vill að bæjarstjóri boði til fundar með landeigendunum til að fara yfir stöðuna. **– gar**

# Húsleitir og hleranir gagnrýndar



**Sigurður G. Guðjónsson hæstaréttarlögmaður**

**DÓMSMÁL** Málflutningur í Imon-málinu fór fram í Hæstarétti í gær. Sigurjón Þ. Árnason, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, Elín Sigfúsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs, og Steinþór Gunnarsson, fyrrverandi forstöðumaður verðbréfamiðlunar, eru ákærð vegna kaupa félagsins Imon á hlutabréfum í bankanum. Sigurjón og Elín voru sýknuð í málinu í héraðsdómi en Steinþór var dæmdur í 9 mánaða fangelsi, þar af 6 mánuði skilorðsbundna. Í fyrra áfrýjaði ríkissaksóknari niðurstöðu héraðsdóms til Hæstaréttar.

Saksóknari byggir á að um sýndarviðskipti hafi verið að ræða. Sigurður G. Guðjónsson, verjandi Sigurjóns, fór fram á að málinu yrði vísað frá. Hann taldi að eftir bankahrun og setningu laga um sérstakan saksóknara hafi verið „farið nokkuð á svig við þá hugmynd sem felst í hugtakinu réttarríki“ og sagði undirbúning og aðdraganda að málsókn hafa falið í sér gróf brot á rétti sakborninga. Hann gagnrýndi húsleitir og símhleranir sérstaks saksóknara. **– skh/kbg**

# Nýrri stjórnarskrá fagnað



**Lýðræðisríki** Nepalar fagna nýrri stjórnarskrá landsins í höfuðborg landsins, Katmandú, íklæddir þjóðbúningum. Stjórnarskráin nýja gerir ríkið að lýðræðisríki en áður var það konungdæmi. Fréttablaðið/EPA

# Bitnar mest á eldri borgurum

**Eina bankaútibúi Bolungarvíkur verður lokað á fimmtudag í hagræðingaraðgerðum Landsbankans. Bankinn verður kvaddur á táknrænan máta með blómum og krönsum. Tugir starfa hafa tapast á árinu.**

**SAMFÉLAG** „Hvert höggið af öðru ríður yfir bæjarfélagið, þetta er ömurleg staða sem við bæjarbúar erum í. Það kom okkur verulega á óvart hversu skammur tími leið frá því að samruni Sparisjóðs og Landsbanka er samþykktur og að ákvörðun er tekin um að loka útibúinu,“ segir Matthildur Guðmundsdóttir sem hefur starfað í Sparisjóði Bolungarvíkur í fjórtán ár.

Á föstudag tilkynnti Landsbankinn að útibú bankans á Suðureyri, Þingeyri og Bolungarvík yrðu lögð niður innan viku, ellefu manns missa atvinnuna. Með tilfærslu starfa við sameiningu sýslumannsembætta og nú með lokun útibús Landsbankans er ljóst að á annan tug starfa hafa verið flutt úr bæjarfélaginu á nokkrum mánuðum.

„Ég tel að lokunin hafi mikil áhrif á bæjarfélagið. Við búum hérna 900 manns og þurfum eftir þetta að sækja alla bankaþjónustu á Ísafjörð, þangað eru ekki traustar samgöngur og auðvitað enginn strætó.“

Matthildur segir aðgerðirnar bitna mest á eldra fólki sem á að auki erfitt með að sækja ýmsa nauðsynlega þjónustu. „Þetta er enn eitt höggið, það kemur til dæmis ekki læknir hingað nema einu sinni eða tvisvar í viku og er þá fáeinar klukkustundir í senn. Sýslumannsembættið var flutt á Ísafjörð um áramótin, þá fóru nokkrir starfsmenn þangað.“

Bæjarráð Bolungarvíkur ályktaði um málið í gær og vill að ríkið finni störf handa bæjarbúum. „Í ljósi þess að ríkið er eigandi Landsbankans og starfsemi sýslumanns er á vegum ríkisins gerir bæjarráð Bolungarvíkur kröfu um að starfsemi á vegum ríkisins verði fundinn staður í Bolungarvík,“ segir í bókun ráðsins.

Bæjarbúar ætla að mótmæla lokun bankans á fimmtudag á táknrænan máta með krönsum og blómum rétt eins og um jarðarför væri að ræða. Þeir hafa margir lýst óánægju sinni með lokun útibúsins og sumir hætt viðskiptum við Landsbankann.

Kristján Kristjánsson, upplýsingafulltrúi Landsbankans, staðfestir þetta og segist skilja reiði bæjarbúa.



**Bæjarbúar munu koma með blóm og kransa á síðasta opnunardag útibúsins.** Fréttablaðið/Pjetur

„Það er aldrei vinsælt að loka útibúum, það hafa einhverjir hætt í viðskiptum við okkur, innan við tíu manns og aðrir sagst ætla að hætta viðskiptum.“

Hann segir bankakerfið of stórt hér á landi og að áfram verði sú þróun að bankastarfsemi færist í auknum mæli á netið. „Allir bankar hafa verið að fækka útibúum til að leita leiða við að spara.“ **kristjanabjorg@frettabladid.is**

> Við búum hérna 900 manns og þurfum eftir þetta að sækja alla bankaþjónustu á Ísafjörð.



Matthildur Guðmundsdóttir

Lyfjaauglýsing

Nicotinell



NICOTINELL LYFJATYGGIGÚMMÍ

Ertu að hætta að reykja?
Veistu hvaða bragðtegund hentar þér?

Fæst í 6 bragðtegundum!

Nicotinell, lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Hætta skal alfarið reykingum meðan á meðferð með Nicotinell stendur. Upphafsskammtur skal ákvarðaður út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Verði vart við aukaverkanir þegar hærri styrkleiki er notaður skal íhuga að skipta yfir í lægri styrkleika. Meðferðarlengd er einstaklingsbundinn. Samtímis neysla á súrum drykkjum, eins og t.d. kaffi og sódavatni, getur minnkað frásog nikótíns í munni. Forðast skal þessa drykki í 15 mínútur fyrir notkun lyfjatyggigúmmís. Tyggja skal eitt stykki Nicotinell lyfjatyggigúmmí við reykingaþörf. Venjuleg notkun er 8-12 stykki á sólarhring, þó ekki fleiri en 15 stykki af 4 mg lyfjatyggigúmmíi og 25 stykki af 2 mg lyfjatyggigúmmíi á sólarhring. Vegna eiginleika lyfjatyggigúmmís sem lyfjaforms getur nikótínþéttni í blóði verið mismunandi á milli einstaklinga. Því skal miða tíðni skammta við einstaklingsþörf, innan uppgefinna hámarksskammta. Tyggja skal eitt lyfjatyggigúmmí þar til finnst sterkt bragð. Lyfjatyggigúmmíið skal því næst hvíla á milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal byrja að tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mínútur. Í flestum tilfellum skal meðferðin standa í a.m.k. 3 mánuði. Eftir 3 mánuði skal draga smám saman úr notkun. Venjulega er ekki mælt með notkun Nicotinell lyfjatyggigúmmís lengur en í eitt ár. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sígaretta á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúin til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Þeir sem reykja ekki og þeir sem hafa ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna eiga ekki að nota Nicotinell. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing því ekki er víst að þú megir nota Nicotinell ef þú: ert þunguð, með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða æðasjúkdóm, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi. Einstaklingar undir 18 ára aldri mega ekki nota Nicotinell nema að læknisráði. Nikótín sem er gleypt getur valdið versnun einkenna hjá sjúklingum sem eru með bólgu í vélinda, munni eða koki, magabólgu eða magasár. Einstaklingum með gervitennur, eiga við vandamál í liðamótum kjálka og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform en lyfjatyggigúmmí. Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol skulu ekki nota lyfjatyggigúmmíið. Athuga ber að lyfjatyggigúmmíið og munnsogstöflurnar innihalda natríum og bútýlhýdroxýtólúen (E321) sem getur valdið staðbundinni ertingu slímhúðar en sumar bragðtegundir innihalda að auki sorbitól (E420), maltitól (E965) eða aspartam (E 951) sem ekki allir mega taka. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ



Síminn
NETIÐ
SKJÁREINN
SJÓNVARP SÍMANS
9 ERLENDAR STÖÐVAR
SPOTIFY
ENDALAUS HEIMASÍMI
SKJÁRKRAKKAR / ÞÆTTIR
12.000 KR./MÁN
*Línugjald ekki innifalið.
Nánar á siminn.is
Það borgar sig að fá þetta allt saman í einum pakka
Nú færðu SkjáEinn hjá Símanum, Sjónvarp Símans, Netið og Endalausan heimasíma í einum pakka fyrir aðeins 12.000 kr. á mánuði. Þú færð líka Sjónvarp Símans appið, 9 erlendar stöðvar, val um SkjáKrakka eða SkjáÞætti og Spotify Premium í 6 mánuði. Hafðu samband og njóttu þess að stjórna dagskránni á SkjáEinum heima í stofu.
Þú getur meira með Símanum | Hringdu núna í 800 7000 eða opnaðu Netspjall á siminn.is til að klára málið!

# 30 milljónir í dagpeningagreiðslur

**Alþingismenn hafa setið fundi erlendis í um 1.280 daga á þessu kjörtímabili. Karlar fara mun oftar utan en konur. Dagpeningagreiðslur þingmanna skerðast ekki þegar þeim er boðið til veislu erlendis þrátt fyrir að reglur segi til um það.**

**ALÞINGI** Þingmenn hafa farið til útlanda í 409 skipti á vegum þingsins það sem af er þessu kjörtímabili og hafa verið erlendis samtals í um 1.280 daga. Það jafngildir því að hver og einn þingmaður hafi verið erlendis í rúma 20 daga á kjörtímabilinu. Fimmtíu þingmenn alls hafa farið í ferðir á vegum þingsins það sem af er kjörtímabilinu. Kostnaður við dagpeningagreiðslur þingmanna nemur um 28,5 milljónum króna.

### Formenn nefnda í flestar ferðir

Birgir Ármannsson, fyrrverandi formaður utanríkismálanefndar þingsins, hefur farið utan í 30 skipti á þessu kjörtímabili og verið á fundum erlendis í samtals 86 daga. Karl Garðarsson, formaður Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins, kemur næstur með 29 ferðir og samtals 84 daga. Ögmundur Jónasson, sem einnig situr í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins hefur farið til útlanda 24 sinnum í samtals 70 daga. Ögmundur og Össur Skarphéðinsson eru einu stjórnarandstöðuþingmennirnir á topp tíu lista þeirra sem hafa verið lengst í útlöndum á þessu kjörtímabili.

### Mismunandi háar greiðslur

Þingmenn fá greidda dagpeninga eftir reglum fjármálaráðuneytisins um dagpeninga opinberra starfsmanna. Mismunandi er eftir stöðum hversu háar dagpeningagreiðslurnar eru. Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri þingsins, segir þingmenn venjulega fá greiddar hálfar dagpeningagreiðslur vegna ferða til útlanda og endurgreiddan kostnað vegna gistingar.

Ef allar ferðir þingmanna utan eru greiddar á þá leið að þeir fái endurgreiddan kostnað vegna gistingar og hálfa dagpeninga ofan á það hafa verið lagðar út 28,5 milljónir króna í dagpeninga á þessu kjörtímabili til þingmanna. Þá er ferðakostnaður og gisting ótalin í þeirri upphæð. Í langflestum þessara ferða er einnig í för ritari þótt einnig séu dæmi um að enginn ritari fari með eða þá að þeir séu tveir talsins. Þessir starfsmenn þingsins fá einnig greidda dagpeninga eins og aðrir starfsmenn ríkisins.

### Frádráttur vanræktur

Samkvæmt bréfi ferðakostnaðarnefndar frá því 2004 eiga styrkir og hvers konar hlunnindi varðandi gistingu og fæði, sem starfsmenn njóta meðan á dvöl stendur, að koma til frádráttar dagpeningagreiðslum. Ef þingmenn njóta þess í heimsóknum sínum að vera í fríu fæði meðan á dvöl stendur, eða fá boð í veislur, er skylt samkvæmt þessu að draga það frá greiðslum dagpeninga. Samkvæmt Helga hefur þessari reglu hins vegar ekki verið fylgt og því fá þingmenn fulla dagpeninga hvort sem þeir þurfa að greiða fyrir eigið uppihald eða ekki.

### Greiðslurnar líklega hærri

Upplýsingar um dagpeningagreiðslur til handa þingmönnum á þessu kjörtímabili fengust ekki frá skrifstofu Alþingis. Fréttablaðið hefur því farið yfir allar fundargerðir á vef Alþingis frá fundum erlendis. Þar sem þingmenn fá einnig greidda dagpeninga á þeim degi sem flug þeirra og ferðalag stendur yfir bendir allt til þess að dagpeningagreiðslur þingmanna séu mun hærri en hér kemur fram og að fjöldi ferðadaga þingmanna sé vanáætlaður í þessari úttekt. **sveinn@frettabladid.is**

### Kynin fara misoft til útlanda

Þegar allar utanlandsferðir þingmanna á vegum alþjóðanefnda þingsins eru skoðaðar kemur í ljós að karlar hafa farið utan í 275 skipti en konur aðeins í 134 skipti.




### Fjöldi ferðadaga þeirra tíu þingmanna sem hafa varið flestum dögum erlendis





NISSAN

Innovation that excites

NISSAN MICRA

NETTUR, ÓDÝR OG HLAÐINN BÚNAÐI




NISSAN MICRA VISIA

ELDSNEYTISNOTKUN 5,0 L/100 KM*

VERÐ FRÁ: 1.990.000 KR.

Staðalbúnaður er meðal annars: Handfrjáls Bluetooth símabúnaður, hiti í sætum, aðgerðahnappar í stýri, rafknúið léttstýri, ESP stöðugleikastýring og AUX tengi fyrir iPod o.fl.

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SIA / NM70988

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# VIÐ HÖFUM SKRIFAÐ UNDIR EN ÞÚ?




SKORAÐU Á STJÓRNVÖLD Á **OBI.IS/ASKORUN**



Fylgstu með nýjum myndböndum á **obi.is** næstu daga.

## VIÐ ÞURFUM ÞINN STUÐNING!

Skrifaðu undir áskorun til stjórnvalda um að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Samningurinn er leiðarvísir að því hvernig tryggja skal fötluðu fólki mannréttindi og tækifæri til jafns við aðra í samfélaginu. Það er mikilvægt að hérlend stjórnvöld fullgildi hann sem fyrst en Ísland er eitt fjögurra Evrópulanda sem hafa ekki gert það.

Við skorum á stjórnvöld að fullgilda samninginn strax!

**OBI.IS/ASKORUN**

# Fimmtíu sóttu um hæli á Íslandi í ágúst

**Forsætisráðherra telur að fjöldi hælisleitenda muni tvöfaldast í ár. Fimmtíu sóttu um hæli í ágúst og fjöldinn er að verða svipaður í þessum mánuði. Yfir hundrað fá stöðu flóttamanns í ár. Stjórnarandstaðan fagnaði því að 2 milljarðar yrðu settir í málefni flóttamanna.**

ALÞINGI Hælisleitendur verða líklegast tvöfalt fleiri í ár en árið á undan. Þetta kom fram í máli Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra í sérstökum umræðum um málefni flóttamanna á Alþingi í gær. Málshefjandi var Katrín Jakobsdóttir, formaður VG. Hún fagnaði ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að verja tveimur milljörðum króna í málefni flóttamanna. Benti hún á að 2.000 flóttamenn hefðu drukknað á leið sinni yfir Miðjarðarhafið í leit að betra lífi.

„Við gætum verið að horfa á umfangsmestu þjóðflutninga sem við höfum séð á síðari tímum. Við gætum verið að horfa upp á langtímaástand þar sem fólk yfirgefur heimili sín og það gerir enginn að gamni sínu,“ sagði Katrín. Því væri mikilvægt að líta á verkefnið sem langtímaverkefni, en ekki sem átaksverkefni. Um þetta voru þau Sigmundur Davíð og Katrín sammála. Þau telja bæði mikilvægt að horfa til stöðu flóttamanna, sem stjórnvöld ákváðu að taka á móti, jafnt sem hælisleitenda, sem eru þeir sem komast hingað á eigin forsendum en eru í mörgum tilfellum sendir til baka á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar.

Sigmundur Davíð sagði að grundvallaratriðið í þeirri stefnu sem stjórnvöld kynntu á laugardaginn væri að líta á vandann sem eina heild, en ekki bara skoða einn anga hans. „Með því á ég við að við þurfum hér heima fyrir, í auknum mæli, að líta á flóttamenn og hælisleitendur sem einn hóp,“ sagði hann.

Sigmundur Davíð sagði að þetta væri mjög brýnt núna því hælisleitendum fjölgar hér gríðarlega. „Áður heyrði það til algjörra undantekninga að menn kæmu hingað sem flóttamenn og fengju dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Flestir sem komu hingað voru það sem kallað er kvótaflóttamenn,“ sagði Sigmundur Davíð. Nú færi hælisleitendum mjög fjölgandi. „Fjölgunin hefur verið um 50 prósent á ári undanfarin ár, ár eftir ár. En nú lítur út fyrir að fjölgunin milli ára frá 2014 til 2015 verði nær 100 prósent.“ Hann benti á að fimmtíu hefðu sótt um hæli hér á landi í ágúst og fjöldinn væri nú þegar að verða svipaður í þessum mánuði. „Nú þegar hafa 54, bara á þessu ári, fengið hér hæli eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum, sem eru miklu fleiri en á undanförnum árum,“ sagði hann. Fjöldi þeirra sem fengju stöðu flóttamanns í ár yrði miklu meiri en hundrað.

Sigmundur Davíð bætti við að það væri mikilvægt að flóttafólk í flóttamannabúðum í Sýrlandi og við Sýrland gæti búið við aðstæður sem eru eins góðar og hægt er í flóttamannabúðum.

jonhakon@frettabladid.is



Formaður VG sagði að við gætum verið að horfa á umfangsmestu þjóðflutninga sem sést hefðu á síðari tímum. Fréttablaðið/Pjetur

> **Áður heyrði það til algjörra undantekninga að menn kæmu hingað sem flóttamenn og fengju dvalarleyfi af mannúðarástæðum.**
>
> Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra



## Þrenns konar aðgerðir

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar fela í sér að tveimur milljörðum króna verði varið í aðstoð við flóttafólk og hælisleitendur á þessu ári og því næsta til að bregðast við þeirri stöðu sem upp er komin vegna straums flóttamanna frá Sýrlandi.

*Fénu verður varið á þennan hátt:*

**1.** Til fjárstuðnings við alþjóðastofnanir og hjálparsamtök sem vinna með flóttafólki erlendis.

**2.** Til móttöku flóttafólks og hælisleitenda til Íslands, þar sem áhersla verði lögð á að hjálpa fólki að koma sér vel fyrir hér á landi, aðlagast samfélaginu og hefja hér nýtt líf.

**3.** Til aðgerða sem umbylt geta og hraðað afgreiðslu hælisumsókna hérlendis.




Í upphafi skyldi endinn skoða

Það er þægileg tilfinning að geta boðið viðskiptavinum sínum upp á góða hreinlætisaðstöðu og eykur líkur á að gestirnir komi aftur og mæli með þinni þjónustu. Vel búin salernisaðstaða er skynsamleg fjárfesting sem gagnast bæði viðskiptavinum og starfsfólki.
Garri býður fyrirtækjum sem og sveitarfélögum trausta og skilvirka þjónustu og síðast en ekki síst, frábærar vörur frá Katrin.

www.garri.is
5700 300

KATRIN BESTA Garri

# ? BÍLL SEM SVARAR SPURNINGUM DAGSINS Í DAG




3,4 l/100 km

$CO_2$ 89 g/km










CRÉATIVE TECHNOLOGIE

**VERÐ FRÁ EINUNGIS 2.690.000 KR.**

## CITROËN **C4 CACTUS**

Hvernig get ég eignast og rekið nýjan bíl? Hvers vegna er ekki framleiddur léttari og sparneytnari bíll? Er ekki hægt að vernda hurðirnar gegn rispum og skellum? Af hverju getur mælaborðið ekki verið notendavænna og stílhreinna? Öllum þessum spurningum er svarað með nýja Citroën C4 Cactus. Hugmyndafræðin að baki nýja C4 Cactus er bylting í hönnun bíla. Ekkert prjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag. Hagnýt og djörf hönnun, einfaldleiki og lágt verð. C4 Cactus hefur svörin.

Velkomin í reynsluakstur

15 ára afmæli Citroën hjá Brimborg

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Skoðaðu citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

CITROËN

Uppgefinn eyðsla í blönduðum akstri miðast við 1,6 BlueHDi dísilvél. Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.








Tveir þeirra sem flúðu frá Íslamska ríkinu, Þjóðverjarnir Ayoub B. og Ebrahim Hadj B., hylja andlit sín við réttarhöld í Þýskalandi. Fréttablaðið/EPA

# Liðhlaupar ISIS lýsa reynslu sinni

**Frásagnir þeirra brjóta í bága við þá mynd sem samtökin halda að ungu fólki. Lífið í kalífadæminu einkennist af lygum, hræsni og mótsögnum.**

**BRETLAND** Í hverjum mánuði yfirgefa nokkrir liðsmenn Íslamska ríkisins samtökin og flýja frá átakasvæðunum í Sýrlandi og Írak.

Sumir þeirra hafa tjáð sig við fjölmiðla og smám saman hefur komið fram nokkuð skýr mynd af því hvers vegna þeir flýja.

Þetta kemur fram í breskri samantekt, sem fræðimenn við rannsóknarmiðstöð um róttækni og pólitískt ofbeldi (ICSR) í London hafa unnið upp úr viðtölum við 58 fyrrverandi liðsmenn Íslamska ríkisins.

Höfundar skýrslunnar segja vitnisburð liðhlaupanna sýna að þarna sé engan veginn samhentur hópur óhræddra hugsjónamanna á ferðinni, eins og reynt er að telja fólki trú um þegar nýrra liðsmanna er leitað. Þvert á móti einkennist samfélag þeirra af lygum, hræsni og eilífum mótsögnum.Flestir liðhlaupanna eru Sýrlendingar, eða 21 af 58, en níu eru frá Tyrklandi. Aðrir níu eru frá Vestur-Evrópu og Ástralíu.

Þeir fyrstu tóku að flýja Íslamska ríkið í ársbyrjun 2014. Þeim hefur fjölgað jafnt og þétt, oftast verið nokkrir í hverjum mánuði en nú í ágúst er vitað um níu liðhlaupa.

**gudsteinn@frettabladid.is**

## Ástæður liðhlaupanna

**Greina má fjórar meginástæður þess að mennirnir forða sér:**

**1.** Samtökin lenda oftar í innbyrðis átökum við aðra súnní-múslima, frekar en að berjast gegn hermönnum Assad-stjórnarinnar í Sýrlandi, sem átti þó að vera tilgangur hernaðarins.

**2.** Þeim sem hafa yfirgefið samtökin ofbýður ofbeldi og grimmd samtakanna, til dæmis gegn almennum borgurum og gíslum.

**3.** Ó-íslamskt eða óguðlegt athæfi, einkennir forystumenn samtakanna, að mati þeirra sem flúið hafa. Þeir sýni af sér rangsleitni og kynþáttahatur auk þess sem erlendir liðsmenn samtakanna njóti meiri fríðinda en aðrir.

**4.** Daglegt líf í kalífadæminu stendur ekki undir þeim væntingum sem kynt er undir þegar fólk er hvatt til að ganga til liðs við baráttuna. Störfin eru leiðinleg og ekkert bólar á lúxusbílum og öðrum munaði.



**Af viðtölum við liðhlaupana má einnig greina þrjár meginástæður þess að þeir gengu til liðs við samtökin í upphafi.**

**1.** Veigamesta ástæðan er viljinn til að berjast gegn stjórnarher Assads Sýrlandsforseta. Þeir telja sér beinlínis skylt að taka þátt í þeirri baráttu og koma félögum sínum í Sýrlandi til bjargar. Þeir standa gjarnan í þeirri trú að súnní-múslimar í Sýrlandi standi hreinlega frammi fyrir þjóðarmorði af hálfu stjórnarinnar.

**2.** Margir telja sig vera að ganga til liðs við hreyfingu, sem er að reyna að koma á fót fullkomu íslömsku ríki. Öllum múslimum beri skylda til þess að taka þátt í þeirri tilraun. Þar bjóðist þeim einstakt tækifæri til að lifa í samræmi við íslömsk lög og taka þátt í baráttu fyrir trúnni. Þeir sem hafa þessa afstöðu höfðu flestir lengi verið miklir hreintrúar- og strangtrúarmenn áður en þeir héldu til Sýrlands.

**3.** Sumir hafa fallið fyrir loforðum um að innan vébanda Íslamska ríkisins muni þeir engan skort líða. Þar fái þeir nægan mat, flotta bíla og jafnvel verði skuldir þeirra greiddar upp. Aðrir segjast hafa látið sig dreyma um ævintýri og hetjudáðir í þágu félaga sinna. Þessi hópur hefur síst látið stjórnast af trúarlegum hugsjónum.



# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**298** kr. kg
**Kjarnafæði Lambahjörtu og lambalifur**
af nýslátruðu, ferskt

**1.295** kr. kg
**KS Lambalæri**
án mjaðmabeins
haustslátrun 2014, frosið

**659** kr. kg
**Kjarnafæði Súpukjöt**
haustslátrun 2014, frosið

## NÝTT VISA KORTATÍMABIL




**998** kr. kg
**Norðurfiskur Þorskbitar**
Frosnir, roð- og beinlausir

**998** kr. kg
**Norðurfiskur Saltfiskbitar**
Frosnir og útvatnaðir

**1.498** kr. pk.
**Finish Powerball**
Uppþvottatöflur, 90 stk.

**1.498** kr. pk.
**Ariel Þvottaefni**
XL Pack, 40 þvottar




**359** kr. 750 g
**Euro Shopper Cornflakes,** 750 g

**98** kr. 500 g
**Euro Shopper Haframjöl,** 500 g

**79** kr. 400 g
**Euro Shopper Tómatar**
400 g, 2 tegundir

**98** kr. 1 l
**Euro Shopper Eplasafi,** 1 l
**Trönuberjasafi,** 1 l

**398** kr. 500 g
**Akursel Gulrætur**
Lífrænar, 500 g

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð í þessari auglýsingu gilda til og með **27. september** a.m.k.

# Hreinlætistækjada

CERAVID
Þýsk gæði

15% afsláttur
Riga salerni með setu
gólf- eða veggstútur
~~21.990~~
18.691

15% afsláttur
Ido Trevi vegghengt
með setu
~~20.990~~
17.842

3-6 lítra
hnappur

CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur
og **hæglokandi seta.**
Þýsk gæðavara
15% afsláttur
~~39.990~~
33.992

Hæglokandi seta

Skál:
„Scandinavia design“

IDO
frá Finnlandi

15% afsláttur
Ido Seven D með setu
~~49.990~~
42.492

Ceravid Bathline Classic baðkar 170x75cm
~~21.990~~
17.592
20% afsláttur

Ido Seven D vegghengt
m.hæglokandi setu
~~67.990~~
57.792
15% afsláttur

Ryðfrír barki
220 cm kr.
~~1.190~~
952
20% afsláttur

10% afsláttur
Baðþil-hurð 150x80cm
~~13.990~~
12.591

15% afsláttur
Schutte blöndunartæki
með lyftitappa 33710
~~10.790~~
9.172

16% afsláttur
BOZZ- LH2202
Hitastýrt sturtutæki fæst
m. upp og niður-stút
~~11.890~~ 9.988

40% afsláttur
Úrval af náttúrusteins
handlaugum!
Náttúrusteinn handlaug
Phili 50x40x8cm
~~35.992~~
21.595

20% afsláttur
Sturtusett kr.
~~3.990~~
3.192

30% afsláttur
Bidalux BWR sturtusett
~~13.890~~
9.723

15% afsláttur
Cisa blöndunartæki
~~4.990~~
4.242

15% afsláttur
CR Plast
skolvaskur
55x34x21cm með
botnventli og
vatnslás
~~8.590~~ 7.302

15% afsláttur
Cisa Layer kr.
~~5.590~~ 4.752

LÁTUM FAGMENN
VINNA VERKIN

20% afsláttur
Mistillo MTG sturtusett
~~14.990~~
11.992

25% afsláttur
~~5.990~~
4.493
~~3.290~~
2.468

## Swift snagar körfur og fl. MIKIÐ ÚRVAL!

25% afsláttur
~~2.990~~
2.243

25% afsláttur
~~3.790~~
2.843

~~1.490~~
1.118

~~1.990~~
1.493

~~1.590~~
1.193

25% afsláttur
~~1.290~~
968

~~1.590~~
1.193

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágma

# gar í Múrbúðinni!



35% afsláttur

Bol-834 80x48x18cm
þykkt 0,8mm
~~11.990~~ **7.794**



15% afsláttur

Gua 539-1 með veggstálplötu, grind fylgir, 1mm stál
~~16.990~~ **14.442**

**Botnventill og vatnslásar fylgja öllum vöskum**

**Mikið úrval af eldhúsvöskum og blöndunartækjum**



25% afsláttur

Bol-604 48x43x18cm þykkt stáls 0,8mm
~~7.790~~
(fleiri stærðir til)
**5.843**



16% afsláttur

Gua-543-1 vegghengdur, 1mm stál, einnig fáanlegur í borð kr. ~~17.990~~ **15.117**
~~18.900~~ **15.876**

## BOZZ sturtuklefi

90x90cm
~~43.990~~ **39.591**

80x80cm
~~41.990~~ **37.791**

Fást einnig rúnnaðir 90x90 klefar á **kr. 43.990**

Sturtustöng og -brúsa fylgja.

Vatnslás og botnventill frá McAlpine seldur sér á **kr. 1.490**



10% afsláttur



15% afsláttur

## BOZZ SH2101

Bað- og sturtutæki-sett
~~33.990~~ **28.892**



10% afsláttur



10% afsláttur

## BOZZ sturtuhorn

Ferkantað og rúnnað 80x80 ~~29.990~~ **26.991**
Ferkantað og rúnnað 90x90 ~~31.990~~ **28.791**

MIKIÐ ÚRVAL



20% afsláttur

Sturtuhaus 200 mm kr.
~~4.995~~ **3.996**

## Handlaugar mikið úrval!



25-65% afsláttur

## Guoren hitastýrð blöndunartæki



GUOREN

20% afsláttur

**Málm handföng. Rósettur og hjámiðjur fylgja.**

**Guoren** TLY Sturtusett
~~39.990~~ **31.992**

ISO 9001 RoHS
EN 1111:1997



**Guoren** 4F Hitastýrt baðtæki Exclusive
~~18.990~~ **15.192**

20% afsláttur

CE



**Guoren**-AL Hitastýrt tæki með uppstút
~~13.990~~ **11.192**

20% afsláttur



**Guoren**-BO Hitastýrt tæki með niðurstút
~~13.990~~ **11.192**


Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN

**Reykjavík** Kletthálsi 7 Opið virka daga kl. 8 -18, laug. 10 -16
**Reykjanesbær** Fuglavík 18 Opið virka daga kl. 8 -18
**Sími 412 2500** - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


rksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# Illa útfærð barátta



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Borgarstjórn Reykjavíkur vakti vægast sagt mikla athygli í síðustu viku með kveðjugjöf sinni til Bjarkar Vilhelmsdóttur, fráfarandi borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, þegar ákveðið var að samþykkja viðskiptabann á Ísrael af hálfu borgarinnar. Samþykktin var að sögn gerð í nafni mannúðar og samstöðu með Palestínumönnum en sá hængur var á að borgarfulltrúarnir vissu í raun ekkert hvað þeir voru að gera og höfðu ekki hugmynd um hvaða vörur ætti að sniðganga eftir samþykktina.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og félagar hans í meirihluta borgarstjórnar hafa séð að sér og hyggjast breyta tillögunni. Með hvaða hætti henni verður breytt liggur þó ekki ljóst fyrir en gera má ráð fyrir að tekið verði skýrt fram að aðeins verði um að ræða vörur frá hernumdum svæðum, sem að sögn Dags var ætlunin frá upphafi.

Helgarblað Fréttablaðsins greindi frá því að íslenska ríkið væri með 29 virkar viðskiptaþvinganir gagnvart öðrum ríkjum. Íslensk stjórnvöld beita slíkum meðölum í samstarfi við Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna, en slíkar þvinganir er skylt að innleiða vegna aðildar okkar að samtökunum. Hins vegar er um að ræða ráðstafanir sem taldar eru nauðsynlegar til að framfylgja ályktunum alþjóðastofnana, samstarfsríkja eða -ríkjahópa um þvingunaraðgerðir sem eru samþykktar til að viðhalda friði, öryggi, virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi. Meðal fylgifiska þessara ákvarðana eru töpuð viðskipti og erfið alþjóðasamskipti.

> **Íslendingum, sem og stærstum hluta heimsbyggðarinnar, ofbauð þessi hernaður þar sem fórnarlömbin, líkt og jafnan í stríðsrekstri, voru og eru að stærstum hluta þeir sem ekkert hafa með stríðsreksturinn að gera.**

Viðskiptabann Reykjavíkurborgar vakti upp hörð viðbrögð, bæði innan lands sem utan. Ferðir til landsins hafa verið afbókaðar og íslenskir vöruútflytjendur hafa tapað viðskiptum víðs vegar vegna samþykktarinnar. Það er miður. En Reykjavíkurborg er ekki eina sveitarstjórnin í heimi sem hefur viljað fara þessa leið, þó hún hafi líklegast staðið sig verst í að útfæra leiðina. Kaupmannahafnarborg ákvað að sniðganga vörur frá hernumdum svæðum fyrr í sumar og þar hefur ákvörðunin ekki dregið jafn mikinn dilk á eftir sér.

Í því samhengi megum við ekki gleyma að ekki er nema rúmt ár síðan upp blossaði ófriður milli Ísraela og Palestínumanna, enn eina ferðina. Þúsundir Palestínumanna voru felldir af Ísraelsher, þar á meðal fjöldi barna og kvenna; óbreyttir borgarar að stærstum hluta. Á þeim tíma var krafan skýr. Að Ísraelsher hætti árásum á Gasa-svæðið, léti af grófum mannréttindabrotum gagnvart Palestínumönnum og færi að alþjóðalögum. Krafan á hinn veginn var jafn skýr; að Hamasliðar hættu árásum á Ísrael. Íslendingum, sem og stærstum hluta heimsbyggðarinnar, ofbauð þessi hernaður þar sem fórnarlömbin, líkt og jafnan í stríðsrekstri, voru og eru að stærstum hluta þeir sem ekkert hafa með stríðsreksturinn að gera.

Það er augljóslega út í hött að gefa borgarfulltrúum sem láta af störfum kveðjugjöf í formi viðskiptabanns á annað ríki og enn þá verra þegar slík tillaga er eins vanhugsuð og raun ber vitni. En sú stefna, að lágmarka viðskipti við lönd sem brjóta gegn mannréttinda- og alþjóðalögum, hvort sem um ræðir ríki, sveitarfélög eða stofnanir, er hins vegar ekki fráleit. Það er eðlilegur hluti í baráttu fyrir friði og mannréttindum.

Af hverju meðgöngujóga?



- Hæfari að fara í gegnum sársauka
- Kann rétta öndun, rétta líkamsbeytingu
- Finnur sig sterkari og öruggari í félagsskap barnhafandi góðra kvenna

Kennt í sjúkraþjálfaranum í Hafnarfirði
sími 6910381

## Halldór




## Frá degi til dags

**Hvatt til lögbrota**

**Ögmundur Jónasson alþingismaður ritaði pistil á vef sinn á sunnudaginn þar sem hann fagnaði tillögu Bjarkar Vilhelmsdóttur um að sniðganga vörur frá Ísrael. Tillaga sem samþykkt var nánast umræðulaust og án nokkurs samráðs. Segir Ögmundur tillöguna vel heppnaða, en stjórnendur Reykjavíkurborgar hafa ekki haft hugrekki og úthald til að fylgja henni eftir. Tillagan er þó klárt brot á lögum um opinber innkaup, þar sem segir að gæta skuli jafnræðis og gagnsæis við opinber innkaup. Óheimilt sé að mismuna fyrirtækjum á grundvelli þjóðernis eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Og það er áhyggjuefni ef þingmenn eru reiðubúnir til að hvetja sveitarstjórnarmenn til lögbrota. Sama hver málstaður þeirra kann að vera.**

**Góð viðbrögð**

**Að allt öðru. Einn mikilvægur þáttur fjárlagafrumvarpsins, sem lýtur að lausn húsnæðisvandans, er lækkun skattbyrði leigutekna til að hvetja til langtímaleigu. Þannig er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að fjármagnstekjuskattur muni leggjast á 50 prósent af húsaleigu í stað 70 prósenta áður. Samfylkingarmenn voru fljótir að stökkva á boltann og lögðu fram þingsályktun í gær um að enginn fjármagnstekjuskattur yrði innheimtur af húsaleigu. Það er fagnaðarefni að í viðbrögðum vinstriflokkanna við fjárlagafrumvarpinu skuli felast einhverjar tillögur að skattalækkunum í stað kröfu um sífellda útgjaldaaukningu.**

jonhakon@frettabladid.is

# Þingmaðurinn og páfinn



Ögmundur Jónasson
þingmaður

Þingmaðurinn sem vísað er til í fyrirsögninni er Frosti Sigurjónsson. Og páfinn er Franciscus, sá sem nú situr í Róm. Þannig að þetta greinarkorn fjallar um þá Frosta og Franciscus. Nú veit ég ekki hve margt þessir tveir eiga sameiginlegt.

En vissulega þó eitt: Báðir hafa talað fyrir breyttu banka- og peningakerfi. Franciscus páfi sagði nýlega að fjármálakreppan sem nú væri við að eiga „ætti rót í djúpri mannlegri kreppu, afneitun mennskunnar“. Og á prenti er eftirfarandi að finna eftir páfa: „Við höfum skapað okkur nýjar fyrirmyndir. Hinn forni gullkálfur er genginn aftur og birtist okkur í nöturlegri tilbeiðslu á fjármagni og alræði þeirrar hagfræði sem býr ekki yfir neinni sýn á mannlegan tilgang.“ Og enn skrifar páfi: „Við þurfum að ráðast í breytingar á fjármálakerfinu samkvæmt því siðferði sem stuðlar að hagsæld fyrir alla. Peningar eiga að þjóna, ekki stjórna.“

Frosti Sigurjónsson myndi eflaust ekki orða hlutina með þessum hætti og kannski hugsa að einhverju leyti á öðrum nótum. Hann styður jú ríkisstjórn sem starfar engan veginn eftir þessari forskrift frá páfanum í Róm.

> **Þjóðin á enn Landsbankann. Hann færir ríkissjóði yfir 20 milljarða í arð á þessu ári.**

Svo er Frosti sjálfur reynslumikill bisnissmaður og fyrrum stjórnarmaður í Verslunarráðinu. Þar var gullkálfurinn oftar en ekki í hávegum hafður. En þótt Frosti Sigurjónsson kunni að vera málsvari frjálsrar samkeppni, þá hefur hann manna heilastur og af þekkingu og yfirvegun talað fyrir því að fjármálakerfið fari inn á nýjar brautir og að samkeppnin verði í átt að því sem Fransiscus páfi boðar; að það þjóni almenningi en ekki eigendum sínum til þess að skapa þeim arð.

Þess vegna þurfi þjóðin að ráða yfir kjölfestu í fjármálalífinu sem setji þar tóninn og viðmiðin. Ég er ekki í vafa um að viðskiptamódel Frosta myndi ganga upp; ófá vildum við án efa vilja skipta við Landsbankann, gangi tillögur Frosta eftir að sá banki verði alfarið í almannaeign og leggi áherslu á hagkvæm lán og lítinn vaxtamun.

Ýmsir samstarfsmenn Frosta vilja hins vegar selja bankann og hafa hann í stíunni með öllum hinum gullkálfunum.

Þjóðin á enn Landsbankann. Hann færir ríkissjóði yfir 20 milljarða í arð á þessu ári. Ef ég skil Frosta rétt þá vill hann að þessi arður verði minni og skili sér í sanngjarnara og ódýrara bankakerfi sem þjóni fólki en ekki fjármagni.

Ég er honum sammála.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Hvað skerðir örorkugreiðslur?



**Þorbera Fjölnisdóttir**
starfsmaður kjarahóps ÖBÍ

Hún Hallgerður fékk fullt örorkumat við 26 ára aldur. Hún býr ein ásamt syni sínum, honum Snorra. Þar sem Hallgerður var í námi, hefur hún aldrei verið á vinnumarkaði og á því ekki rétt á greiðslum úr lífeyrissjóði. Hennar einu tekjur eru örorkugreiðslur Tryggingastofnunar ríkisins (TR) og þær nema 218.884 krónum á mánuði eftir skatt. Meðlag er ekki reiknað inn í þessa upphæð.

Dag einn fer Hallgerður í sambúð með Þorgrími. Við það skerðast tekjur hennar, því hún missir heimilisuppbót og fær kr. 199.379 útborgaðar. Sonur hennar vex úr grasi og þegar Snorri verður 18 ára skerðast örorkugreiðslur hennar enn frekar, þar sem hún missir barnalífeyrinn og nú fær hún 172.516 kr. útborgaðar frá TR. Sonurinn býr þó enn þá heima og er á framfæri móður sinnar. Hallgerður fékk arf eftir frænku sína sem hún geymir á bankabók. Vextirnir af þeirri fjárhæð nema 3.000 kr. á mánuði. Við það lækka greiðslurnar frá TR enn frekar og eru nú 171.576 kr. Hallgerður gerði tilraun til að fara á vinnumarkaðinn og fékk hlutastarf við afleysingar í sjoppu. Mánaðarlaun hennar voru kr. 50.000 (með skatti) og við það lækkuðu greiðslur TR enn á ný og fóru niður í 167.151 kr. Með tilkomu fjármagns- og atvinnutekna missti hún út framfærsluuppbót. Örorkugreiðslur TR til Hallgerðar hafa alls lækkað um 51.733 kr.

**Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og kjaramál öryrkja**

Í 28. grein samningsins er fjallað um viðunandi lífskjör og félagslega vernd. Samkvæmt henni viðurkenna aðildarríkin m.a. rétt fatlaðs fólks og fjölskyldna þess til viðunandi og sífellt batnandi lífskjara. Bannað er að mismuna fólki vegna fötlunar. Raunveruleiki íslensks samfélags er hins vegar sá að bætur almannatrygginga hafa hvorki náð að halda í við verðlagshækkanir, almenna launaþróun né hækkun lægstu launa og er munurinn verulegur. Eins og við sjáum á dæminu um Hallgerði, þá eru upphæðir örorkugreiðslna mjög lágar og þær lækka við það að hún fari í sambúð, þegar barnið hennar verður 18 ára og þegar hún fær einhverjar aðrar tekjur. Hallgerði er því haldið í fátækt, gert að vera á framfæri maka síns og eiga enn erfiðara með að framfleyta syni sínum eftir að hann nær 18 ára aldri. Hallgerði er haldið í fátæktargildru af ríkinu.

Það er því brýnt að íslensk stjórnvöld fullgildi samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem þau undirrituðu árið 2007. Ísland er ein fimm Evrópuþjóða sem ekki hafa enn fullgilt samninginn. Á heimasíðu ÖBÍ, www.obi.is, getur almenningur skrifað undir áskorun til stjórnvalda um að fullgilda þennan mikilvæga mannréttindasamning nú á haustþingi 2015.

# Samþykkir Alþingi kjarakröfur aldraðra?



**Björgvin Guðmundsson**
formaður kjaranefndar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

Alþingi kom saman 8. september. Ekkert gerðist þar strax í málefnum aldraðra og öryrkja. Engin samþykkt var gerð um málið í upphafi þings. Formsatriðin höfðu forgang: Messa í Dómkirkjunni, þingsetningarræða forseta Íslands, ávarp forseta þingsins og ræða forsætisráðherra að kvöldi þingsetningardags. Á meðan á þessum formsatriðum stendur er ekki von að þingið megi vera að því að hugsa um eldri borgara og öryrkja! Ekkert breytist á Alþingi. Þar er allt fast í forminu. Kerfið er sterkt. Það er alveg sama hvað þörfin er brýn í þjóðfélaginu. Þó hópur eldri borgara eigi ekki fyrir mat síðustu daga mánaðarins hreyfir Alþingi sig ekki! Þó álit almennings á Alþingi sé í lágmarki gerir Alþingi ekkert til þess að breyta um starfsaðferðir og bregðast við óskum þjóðarinnar. Ef til vill hreyfa þingmenn sig, þegar fylgi gömlu flokkanna er komið niður í 0! Þeir telja greinilega ekki komið hættuástand enn!

**Ríkisstjórnin vill láta rúmar 10 þúsund krónur næsta ár**

Hvað er til ráða? Hvað er unnt að gera til þess að bæta kjör aldraða og öryrkja? Getur Alþingi gert eitthvað? Ég vil enn trúa því, að svo sé. Alþingi hefur nú tekið frumvarp til fjárlaga til umræðu. Samkvæmt því ætlar ríkisstjórnin að hækka lífeyri aldraða og öryrkja um 9,4% en ekki fyrr en á næsta ári! Af þessu er ljóst, að ráðamenn þjóðarinnar skilja ekki vanda og kjör lífeyrisþega. Þeir gera sér það ekki ljóst, að hópur þeirra hefur ekki nóg fyrir brýnustu nauðsynjum. Þeir vita ekki eða vilja ekki vita það, að hópur aldraðra og öryrkja á ekki fyrir mat síðustu daga mánaðarins. Landssamband eldri borgara og kjaranefnd Félags eldri borgara í Reykjavík óskar eftir því, að lífeyrir hækki jafnmikið og lágmarkslaun, þ.e. í 300 þúsund á mánuði á 3 árum. Lífeyrir á að hækka um 31 þúsund krónur á mánuði frá 1. maí sl. eins og lágmarkslaun

**Þeir vita ekki eða vilja ekki vita það, að hópur aldraðra og öryrkja á ekki fyrir mat síðustu daga mánaðarins.**

verkafólks hækkuðu. Það er 14,5% hækkun. 9,4% hækkun á mánuði frá næstu áramótum er ekki inni í myndinni að okkar mati. Sú hækkun er alltof lítil og óásættanleg. Og kemur alltof seint til framkvæmda. Auk þess fer helmingur af þessari hungurlús í skatt svo aðeins rúmar 10 þúsund kr. verða eftir. Ráðherrar og þingmenn vilja ekki skilja vanda eldri borgara. Þeir telja alltaf að lífeyrisþegar geti beðið. Þeim liggi ekkert á! Annað er í forgangi hjá þingmönnum.

**Brot á stjórnarskránni**

Vandamál aldraðra eru margvísleg. Erfiðust er staðan hjá þeim, sem búa einir, hafa einungis tekjur TR eða einnig lítinn lífeyrissjóð. Þeir hafa innan við 200 þúsund krónur á mánuði eftir skatt. Ef þeir eiga ekki skuldlaust eða skuldlítið húsnæði komast þeir tæplega af. Margar ekkjur á efri árum eru í þessari stöðu. Margir ekklar eiga það einnig erfitt. Þetta eldra fólk verður ef til vill að endurnýja einhver tæki hjá sér og á mjög erfitt með það, getur ekki endurnýjað bíl og tæpast rekið bíl. Erfitt getur verið að leysa út lyf og að leita læknis. Ég tel, að það sé brot á 76. grein stjórnarskrárinnar að veita þessu fólki svo slæm kjör en samkvæmt þessari grein á ríkið að veita ellilífeyrisþegum aðstoð ef þarf. Hér þarf svo sannarlega aðstoð. Annað er mannréttindabrot.

**Samfylkingin vill 300 þúsund á mánuði fyrir aldraða**

Samfylkingin hefur lagt fram frumvarp um að lífeyrir aldraðra og öryrkja hækki í 300 þúsund á mánuði á næstu 3 árum? Það er jákvætt. Það er líka jákvætt, að frumvarpið gerir ráð fyrir, að lífeyrir hækki strax með gildistöku 1. maí sl. En hins vegar flaskar Samfylkingin á prósentunni sem lífeyrir á að hækka um. Samfylkingin virðist taka upp prósentuna frá fjármálaráðuneytinu.Hún leggur til að lífeyrir hækki um 8,9%. En lágmarkslaun ( lágmarkstekjutrygging) verkafólks hækkar um 31.000 kr. eða um 14,5% á mánuði? Aldraðir og öryrkjar eiga að fá nákvæmlega sömu hækkun og launþegar. Það er mín skoðun og það er skoðun þings Landssambands eldri borgara og kjaranefndar FEB. Þetta er algert lágmark fyrir lífeyrisþega. Alþingi og við öll verðum að hafa manndóm til þess að búa öldruðum góð kjör og meta það, sem eldri kynslóðin hefur gert fyrir þjóðina.

RENAULT
Passion for life

Renault MASTER
Þú tankar sjaldnar á Renault

Verð frá: 3.991.935 kr. (án vsk.)
4.950.000 kr. m. vsk.
RENAULT MASTER
2,3 l. dísilvél, 125 hestöfl.
Eyðsla 7,8 l/100 km*




*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri
ENNEMM / SÍA / NM70993

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

# Búinn að ræða þetta við Pavel

Tveir af bestu leikstjórnendum landsins munu spila hlið við hlið í Dominos-deildinni í vetur. Pavel Ermolinskij verður áfram í KR og í gær gekk Ægir Þór Steinarsson til liðs við meistara síðustu tveggja ára.

**KÖRFUBOLTI** Sterkt lið KR-inga í Dominos-deild karla í körfubolta varð enn þá óárennilegra í gær þegar einn besti leikstjórnandi landsins, Ægir Þór Steinarsson, skrifaði undir samning við Íslandsmeistarana. Ægir hefur spilað undanfarin tímabil í sænsku deildinni en nú ætlar að hann að skipta út gula Fjölnislitnum fyrir svart-hvítan búning KR-inga.

**Búningurinn brenndur**

„Ég get alveg búist við því að einhverjir Fjölnisbúningar merktir mér verði kannski brenndir hér í Voginum,“ segir Ægir hlæjandi en bætir svo við: „Svona er bara boltinn. Ég er gríðarlega sáttur við það að hafa tekið þessa ákvörðun. Það verða alveg örugglega einhverjir sárir en þetta snýst bara um mig sjálfan og það sem ég vil gera. Ég vil vera partur af þessu batteríi.“

Ægir spilaði síðast heilt tímabil hér á landi 2010-11 en þá var hann með 16,1 stig og 8,9 stoðsendingar að meðaltali í leik. Enginn gaf þá fleiri stoðsendingar í deildinni.

„Þeir sýndu áhuga snemma sumars og ég hafði það alltaf í huga þó svo að markmiðið hjá mér hafi alltaf verið að spila úti. Það er ekki raunin þetta árið og þá langaði mig bara að taka slaginn með KR og reyna mig í því krefjandi verkefni að spila með Íslandsmeisturunum í frábæru liði, í frábærri umgjörð og fyrir frábæran þjálfara,“ segir hann.

Ægir er nýkominn heim frá Evrópumótinu í körfubolta, þar sem hann stóð sig vel þær mínútur sem hann fékk að glíma við risana hjá mótherjum íslenska liðsins. Nú fær hann að kynnast hinni hliðinni því það verður mikil pressa á KR-liðinu í vetur, ekki síst eftir að Vesturbæingar nældu í einn eftirsóttasta íslenska leikmanninum á markaðnum.

**Var alltaf „extra“ tilbúinn á móti KR**

„Ástæðan fyrir því að ég er að fara í Vesturbæinn er að þar er umhverfi sem maður vill vera í og þar er krafan um árangur. Nú vill maður taka þeirri áskorun. Það er ekkert skrítið að allir vilji vinna KR, liðið sem er búið að vinna síðustu tvö ár. Ég veit það sjálfur að þegar maður hefur mætt KR í gegnum tíðina þá hefur maður verið „extra“ tilbúinn. Það er frábært að vera í þannig umhverfi. Ég er í þessu til að vinna titla og skapa einhverjar minningar sem munu verða ógleymanlegar,“ segir hann.

Ægir spilaði í tvö ár með Sundsvall Dragons og sér fram á svipað hlutverk hjá KR. „Ég hef verið varnarsinnaður og sem leikstjórnandi að stjórna sóknarleiknum. Ég hef alveg tileinkað mér það hlutverk og það mun ekkert breytast út í KR.“

**Samvinna við Pavel**

Það bíða margir spenntir eftir því að sjá hvernig samvinnu landsliðsmannanna Pavels Ermolinskij og Ægis verður háttað á komandi tímabili. Þeir ræddu framhaldið á dauðum tímum með landsliðinu í sumar.

„Pavel er í KR og við höfum rætt mikið saman um hvernig við ætlum að hafa þetta. Maður veit það vel að Pavel hefur verið í þessari stöðu í KR-liðinu. Það er ákveðin samvinna sem verður þar við lýði. Breiddin í KR-liðinu er þannig að það eru margir sem geta gert margt. Við erum allir þannig leikmenn að við finnum út hvernig við virkum best sem ein heild. Þetta verður því lítið mál,“ segir hann.

Ægir fékk smá pásu eftir Evrópumótið í Berlín en byrjaði á fullu að æfa í gær. „Ég er nýbúinn að ná aftur báðum fótum niður á jörðina eftir þennan rússíbana. Ég er orðinn hungraður í það að byrja aftur og halda áfram,“ sagði Ægir spenntur fyrir komandi tímabili.

ooj@frettabladid.is




**Ægir Þór Steinarsson sést hér skora fyrir íslenska landsliðið í leik á móti Spáni á Evrópumótinu í Berlín.** Fréttablaðið/Getty

Nú er því engin fyrirdæming búin þeim sem eru í Kristi Jesú...

www.versdagsins.is

## Nýjast

**HÆTTIR MEÐ HAMARSSTELPUR RÉTT FYRIR ÍSLANDSMÓT**

Kvennalið Hamars í Dominos-deildinni í körfubolta hefur þurft að skipta um þjálfara í annað skiptið í sumar eftir að Árni Þór Hilmarsson hætti með liðið af persónulegum ástæðum. Hrunamaðurinn Árni Þór tók við Hamarsliðinu af Hallgrími Brynjólfssyni fyrr í sumar og var búinn að fá til sín nokkrar af leikmönnum sem hann hafði þjálfað á Flúðum. Hamar endaði í 6. sæti af átta liðum í Dominos-deild kvenna síðasta vetur. Daði Steinn Arnarsson tekur nú við Hamri og mun því stýra liðinu í Dominos-deild kvenna í vetur. Daði Steinn hefur þjálfað lengi í Hveragerði og þekkir því vel til.

**Eru mörg lið í heiminum sem geta stillt upp þremur leikmönnum frá Eurobasket í byrjunarliðinu sínu?**

Hlynur Ólafsson
**@HlynurOlafs**

**HAUKUR HELGI MEÐ FJÓRÐU BESTU NÝTINGUNA Á EM**

Haukur Helgi Pálsson, leikmaður íslenska landsliðsins í körfubolta, var meðal efstu manna í þriggja stiga skotnýtingu á Evrópumótinu sem lauk um helgina.

Haukur endaði í 4. sætinu en hann hitti úr 56 prósentum þriggja stiga skota sinna eða 14 af 25. Haukur skoraði 2,8 þrista að meðaltali í leik með þessa frábæru nýtingu. Rússinn Vitaly Fridzon varð efstur með 65 prósenta nýtingu en Grikkinn Nick Calathes (61 prósent) og Hollendingurinn Charlon Kloof (61 prósent) voru líka með betri nýtingu en okkar maður. Jón Arnór Stefánsson og Hlynur Bæringsson komust einnig inn á topp tíu. Jón Arnór endaði í sjöunda sæti í stoðsendingum með 5,8 stoðsendingar að meðaltali í leik og Hlynur í tíunda sæti í fráköstum með 7,0 að meðaltali í leik.








Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækninn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir, augu, sár, exem, vessandi húðbólgu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á altækum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstagjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.



**Nóg að gera**
**Unnur Pálmarsdóttir var að byrja í mastersnámi í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands og rekur fyrirtækið sitt Fusion ásamt því að þjálfa og kenna.**
**SÍÐA 2**


## Stjórnar át- og þyngdarvandi lífi þínu?

Opinn fyrirlestur og kynning á starfi MFM verður haldinn þriðjudaginn 29.09.15. kl.19.30 í Brautarholti 4a.

**5 vikna námskeið fyrir þá sem vilja ná tökum á sykur/matarfíkn hefjast:** 02.10.15 og 13.11.15.
**8 vikna námskeið fyrir framhalds- og endurkomufólk hefst þriðjudaginn** 07.10.15.

Helgardvalarnámskeið fyrir framhalds og endurkomufólk verður haldið í Hlíðardalssetri, Ölfusi, 05.-08.11.15



Esther H. Guðmundsdóttir MSc

MFM MIÐSTÖÐIN
Meðferða og fræðslumiðstöð vegna matarfíknar og átraskana

Allar nánari upplýsingar í síma 568-3868 eða matarfikn@matarfikn.is



## Fararstjórn erlendis

**Meðal námsefnis:**
- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.



**Ferðalandafræði:** Evrópa, Asía, Africa, Amerika og Eyjaálfan.

Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendri grund.

**Leiðbeinendur eru:** Halla Birgisdóttir fararstjóri, Pétur Björnsson konsúll Ítalíu á Íslandi, Jónas Þór fararstjóri, Höskuldur Frímannsson viðskiptafræðingur, Ómar Valdimarsson blaðamaður, Magnús Björnsson fararstjóri í Kína, Pétur Óli Pétursson fararstjóri í Rússlandi, Bjarni Randver Sigurvinsson kennari við Guðfræðideild H.Í., Sr. Bragi Skúlason sjúkrahúsprestur.

Ferðamálaskóli Íslands

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466


# GENGUR ÞÉR ILLA AÐ LÉTTAST?

**GENGUR VEL KYNNIR** *Trim-it er ný bætiefnablanda sem inniheldur meðal annars kelp sem styður starfsemi skjaldkirtilsins. Hægur skjaldkirtill er þekkt vandamál og getur það einnig verið orsök þess að fólki gengur illa að léttast.*

Margir kannast við að hafa reynt allt til að léttast, jafnvel í áraraðir, án árangurs. Í þannig tilvikum getur vandamálið verið tengt skjaldkirtlinum. Hægur skjaldkirtill er vel þekkt vandamál og getur þyngdaraukning verið einn fylgikvilla hans, segir Hrönn Hjálmarsdóttir næringarráðgjafi hjá Gengur vel ehf.

Trim-it er flott blanda bætiefna þar sem engin óþekkt efni koma við sögu. Hún getur átt þátt í að bæta starfsemi skjaldkirtilsins. Hún hjálpar til við meltingu, brennslu og hreinsun á eiturefnum og getur hentað fólki sem vill hafa stjórn á þyngdinni.



**TRIM-IT BÆTIEFNABLANDAN INNIHELDUR:**

**Kelp**, eða brúnþörunga, sem eru mjög ríkir af joði. Joð getur bætt starfsemi skjaldkirtilsins en skjaldkirtillinn getur haft mikil áhrif á þyngdaraukningu ef hann starfar ekki sem skyldi.

**Fæst í öllum Hagkaups-verslunum**

**Eplaedik** – er þekkt sem aldagamalt húsráð til að hreinsa líkamann af eiturefnum og styrkja meltinguna. Það styrkir nýrnastarfsemi, er öflugt gegn sýkingum og hjálpar til við eðlileg efnaskipti í líkamanum.

**Lesitín** – er fituefni sem myndast í lifrarfrumum og er einnig í heila og öðrum vefjum. Það er að finna í ýmsum fæðutegundum og vilja sumir meina að sá eiginleiki lesitíns, að leysa fituefni upp í vatni, auðveldi meltingu fitu.

**B6** – hjálpar líkamanum m.a. við niðurbrot próteina, kolvetna og fitu og getur þannig hjálpað til og/eða örvað brennslu.

**Hveitikím** – er m.a. gott fyrir ónæmiskerfið, hjarta- og æðakerfið og það inniheldur E-vítamín sem dregur úr líkum á blóðtappamyndun og getur hjálpað til við að lækka blóðþrýsting. Kelp, B6-vítamín og lesitín geta einnig hjálpað líkamanum að losna við umframvökva.




**VEL ÞEKKT VANDAMÁL**
Hægur skjaldkirtill er vel þekkt vandamál. Þyngdaraukning getur að sögn Hrannar Hjálmarsdóttur, næringarfræðings hjá Gengur vel, verið meðal fylgikvilla.

**HREINSANDI**
Aldagamalt húsráð er að nota eplaedik til að hreinsa líkamann af eiturefnum og styrkja meltinguna.





BYLGJAN 989

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429









**HREYSTIN UPPMÁLUÐ** Unnur byrjar daginn á að fá sér ferskt sítrónuvatn og græna bombu sem samanstendur af spínati, eplum, engifer og vatni. AB-mjólk með bláberjum og múslíi er einnig í uppáhaldi hjá henni og hún segir rjúkandi heitan kaffibolla toppa morguninn. MYND/PJETUR

# SLAKAR Á ÚTI Í NÁTTÚRUNNI

**FYRIRMYND** *Það er nóg að gera hjá einkaþjálfaranum Unni Pálmarsdóttur. Hún var að byrja í mastersnámi í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands og rekur fyrirtækið sitt Fusion ásamt því að þjálfa og kenna. Lesendur geta hér fengið að lesa um mataræði og æfingar Unnar.*

Unnur Pálmarsdóttir er frumkvöðull á sviði líkamsræktar og heilsu og hefur þjálfað marga afreksmenn í íþróttum. Hún hefur kennt á ráðstefnum og haldið fyrirlestra um allan heim síðustu átján ár. Blaðamanni fannst því tilvalið að fá að skyggnast inn í heim þessarar fyrirmyndar í heilsufræðum. Augljóst er að margir geta tekið upp eitthvað af góðum háttum Unnar en hægt er að fylgjast með uppskriftum og heilsuráðum á Facebook-síðu hennar.

**Hvað/hvernig æfir þú?** Ég reyni að hafa þjálfunina eins fjölbreytta og hægt er. Ég kenni ný líkamsræktarkerfi sem heita Pump fx og Blast fx og námskeið FitPilates í World Class Laugum og Mosfellsbæ. Ég stunda mikla útiveru og fer í góðar göngur á hverjum degi. Það gefur mér kraft líkamlega og andlega að ganga um fallega Mosfellsbæinn okkar.

**Hvað færðu þér í morgunmat?** Ég byrja daginn á að fá mér ferskt sítrónuvatn og græna bombu sem samanstendur af spínati, eplum, engifer og vatni. AB-mjólk með bláberjum og múslíi er einnig í uppáhaldi og rjúkandi heitur kaffibolli toppar morguninn.

**Hvað æfir þú oft í viku?** Ég stunda fjölbreytta heilsurækt fimm til sex sinnum í viku.

**Uppáhaldsæfingin?** Í uppáhaldi hjá mér núna er hóptíminn Pump fx sem ég kenni í Laugum tvisvar í viku sem er styrktar- og tabataþjálfun af bestu gerð fyrir allan líkamann.

**Hvernig er dæmigerður dagur hjá þér í sambandi við mataræði og æfingar?** Ég fer út að ganga tvisvar á dag með hundinn minn og kenni fjölbreytta hóptíma í World Class. Ég borða hollt og næringarríkt fæði og undirstaðan er fiskur, kjúklingur, egg, hýðishrísgrjón, gróft brauð, ávextir og grænmeti.

**Hvernig er dæmigerð vika?** Ég var að byrja í mastersnámi í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands og vikan hefst við námið. Ég rek fyrirtækið mitt Fusion og er að setja upp kennaranámskeið í líkamsræktarkerfunum Fitness fx, sem ég er komin með umboð fyrir. Ég er að fá til landsins í október Neil Bates sem er master trainer og einn af höfundum Fitness fx, og undirbúa kennaranámskeið sem við munum kenna saman á Íslandi. Fusion Fitness Academy er að fara af stað, sem er hóptímakennara- og þjálfaranám í World Class og hefst 3. október. Einnig kenni ég fjölbreytta hóptíma og er svo heppin að hafa frábæra hópa sem ég hlakka alltaf til að hitta.

**Notar þú fæðubótarefni?** Ég nota ekki fæðubótarefni. Ég fæ alla mína næringu úr fæðinu sem er fjölbreytt og hollt.

**Hvað finnst þér gott að fá þér í kvöldmat?** Í uppáhaldi hjá mér er kjúklingaréttur í mangósósu með miklu grænmeti, hrísgrjónum og hvítlauksbrauði og grilluð bleikja með sætum kartöflum og salati.

**Hvað finnst þér gott að fá þér í millimál?** Mér finnst mjög gott að fá hollan grænmetis- og ávaxtaþeyting sem ég geri á hverjum degi. Ég blanda saman möndlum, kókosflögum, döðlum, fíkjum og hnetum í poka og narta í yfir daginn til að viðhalda góðri orku. Svo er þetta svo gott með kaffinu.

**Hvað færðu þér þegar þú ætlar að gera vel við þig?** Í uppáhaldi hjá mér er humar eða lax, ferskt grænmeti og kartöflur frá grænmetismarkaðinum að Reykjum og góður ís með heitri súkkulaðisósu er æði.

**Ertu morgunhani eða finnst þér gott að sofa út?** Ég er morgunhani en mér finnst einnig mjög gott að sofa út.

**Drekkur þú kaffi/koffíndrykki?** Já, ég drekk kaffi.

**Ertu nammigrís?** Já, ég er það en ég er farin að draga úr sykurneyslunni og borða vel af grænmeti eins og radísum og gulrótum sem er mun betra en nammi.

**Hvernig er dæmigerð helgi hjá þér?** Helgin hefst á góðri göngu í fallegu umhverfi í Mosfellsbæ og svo þjálfa ég frábæran hóp í World Class á hverjum laugardagsmorgni. Við hjónin leggjum mikið upp úr því að gera skemmtilega hluti saman eins og að elda góðan og hollan mat, stunda útiveru, sinna fjölskyldu og vinum um helgar. Við hlúum vel að húsinu okkar og garðvinna er í uppáhaldi hjá mér þar sem ég slaka vel á við að vera úti í náttúrunni.

## HOLLT MILLIMÁL

„Mér finnst mjög gott að fá hollan grænmetis- og ávaxtaþeyting sem ég geri á hverjum degi. Ég blanda saman möndlum, kókosflögum, döðlum, fíkjum og hnetum í poka og narta í yfir daginn til að viðhalda góðri orku. Svo er þetta svo gott með kaffinu.“

# MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM LEGSTEINUM



(B: 48cm H: 50cm)
**Legsteinn nr. 2042**
- Ígrafin ímáluð áletrun
- Frí uppsetning*

*Verð kr. 178.900,-*




(B: 70cm H: 60cm)
**Legsteinn nr. 2006**
- Ígrafin ímáluð áletrun
- Frí uppsetning*

*Verð kr. 245.900,-*




(B: 71cm H: 61cm)
**Legsteinn nr. 118**
- Ígrafin ímáluð áletrun
- Frí uppsetning*

*Verð kr. 325.900,-*

**Kíktu í kaffi og sölumenn okkar gera þér gott tilboð!**

**Setjum upp legsteina allan ársins hring**

* Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu - Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

## Þarf að endurnýja letrið?

Graníthöllin tekur að sér að hreinsa og endurmála letur á legsteinum. Einnig tökum við að okkur að rétta af legsteina sem eru farnir að halla. Hafðu samband við sölumenn okkar og við gerum þér tilboð í verkið.







Bæjarhrauni 26, 220 Hafnarfirði

www.granithollin.is

555-3888

Graníthöllin
Legsteinar

# BORÐAÐU SÚKKULAÐI – ÞAÐ ÞYKIR GOTT FYRIR HJARTAÐ

**ÁHUGAVERT** *Enn á ný hafa rannsóknir sýnt að efnið flavanol sem er í kakóbaunum getur minnkað hættuna á hjarta- og kransæðasjúkdómum. Ný bresk rannsókn sýnir að súkkulaði er gott fyrir heilsuna.*

Þetta eru góðar fréttir fyrir súkkulaðiunnendur. Þess ber þó að geta að það er ekki allt súkkulaði hollt. Einungis dökkt, hreint súkkulaði sem hefur háa súkkulaðiprósentu. Það er efnið flavanol í kakóbaununum sem hefur þessi góðu áhrif á heilsuna. Í kaloríuríku súkkulaðistykkjunum úti í búð er ekki mikið flavanol að finna, segja heilsusérfræðingar. Flavanol er líka í tei, rauðvíni og bláberjum. Rauðvín getur verið hollt upp að vissu marki en ekki þykir ráðlagt að drekka mikið af því. Bláber er hins vegar gott að borða á hverjum degi.

Þessi nýja rannsókn birtist nýlega í British Journal of Nutrition (BJN). Niðurstöðurnar þykja jákvæðar þar sem hjarta- og kransæðasjúkdómar valda dauða flestra í Bretlandi og víðar. Þegar fólk eldist minnkar teygjanleiki æða og blóðflæðið verður minna. Hár blóðþrýstingur er stór áhættuþáttur fyrir þróun hjarta- og æðasjúkdóma.

Rannsóknin var gerð á 100 heilbrigðum körlum og konum á aldrinum 30-65 ára. Hópnum var skipt í tvennt þar sem annar hópurinn var látinn drekka flavanolríkan kakódrykk en hinn hópurinn fékk lyfleysudrykk. Drykkinn átti að drekka tvisvar á dag í fjórar vikur.

Niðurstöðurnar sýndu að blóðþrýstingur lækkaði hjá hópnum sem drakk kakó og kólesteról minnkaði. Vísindamenn telja að flavanol geti lækkað áhættuna á að greinast með hjarta- og æðasjúkdóma um 22% á næstu tíu árum.

Vísindamenn telja niðurstöðurnar mjög áhugaverðar og hlakka til að fylgjast með áframhaldandi rannsókn. Stundum getur verið munur á skammtíma áhrifum og til lengri tíma.



**Í HÓFI** Það er flavanol í rauðvíni en best er að drekka það í hófi.



**HOLLT OG GOTT** Dökkt súkkulaði getur verið gott fyrir heilsuna.

Vitað er að hollt og gott fæði, mikið af ávöxtum og grænmeti, getur dregið úr áhættu á hjarta- og æðasjúkdómum. Eitt glas af heitu kakói ætti að vera ágætis viðbót við hollt mataræði í vetrarkuldum eða moli af eðal-súkkulaði.

Þeir sem eru með háan blóðþrýsting ættu að forðast að borða mikið salt. Talið er að 70-80% af salti sem fólk neytir komi úr unnum matvælum og skyndimat sem ætti því að forðast. Með því að elda mat frá grunni og baka brauð getur fólk minnkað mikið saltneyslu. Í staðinn fyrir salt má nota pipar, engifer, chili, hvítlauk eða ferskar kryddjurtir. Flest þessara krydda eru að auki holl fyrir líkamann.




þraut ehf

Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík

VIÐ ERUM MEÐ FRÁBÆR NÁMSKEIÐ FYRIR ÞIG

skráning í síma 555 7750 eða á sonja@thraut.is

AUKIN ÞEKKING - BETRA LÍF

ERT ÞÚ MEÐ VERKI? - ERTU ALLTAF ÞREYTT/UR OG ORKULAUS? - ER HUGURINN Á FULLU?

Langar þig til að:
líða betur - læra að þekkja þinn líkama - læra að þekkja þín mörk -læra að stjórna huganum?

* Gildir aðeins í aðra heimasíma, greitt er kr. 9,7 upphafsgjald fyrir hvert hafið símtal. ** SkjárEinn verður í opinni dagskrá frá 1. okt.

# Alveg sérstakt ástar-haturssamband

**Í Kaupmannahöfn kom nýlega út bókin Gullfoss. Mødet mellem dansk og islandsk kultur i 1900-tallet. Guðmundur Jónsson er einn ritstjóra bókarinnar sem fjallar á nýjan hátt um þetta sérstaka samband.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Í bókinni Gullfoss. Mødet mellem dansk og islandsk kultur i 1900-tallet er dregin upp önnur mynd af samskiptasögu Danmerkur og Íslands en hingað til hefur tíðkast. Í stað sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og stjórnmálatengsla þjóðanna er kastljósinu beint að Dönum búsettum á Íslandi og dönskum áhrifum á íslenskt samfélag og menningu á 20. öld. Ritstjórar bókarinnar eru Auður Hauksdóttir, Erik Skyum-Nielsen og Guðmundur Jónsson.

Guðmundur segir að bókin sé samvinnuverkefni á milli danskra og íslenskra fræðimanna en þar er að finna níu greinar eftir sjö fræðimenn, auk formála eftir Vigdísi Finnbogadóttur og Jørn Lund, yfirlit yfir rannsóknir og fjölda ljósmynda.

„Það er aðallega fjallað um Dani sem fluttust til landsins og voru búsettir hér og það er gerð grein fyrir því hvernig þeir fluttust til landsins, hvar þeir settust að og við hvað þeir störfuðu og þá ekki síst hvaða áhrif þeir höfðu á menningu og þjóðlíf og hvernig samskiptin við Íslendinga voru. Þetta var eiginlega fyrsti þjóðernisminnihlutinn á Íslandi.

Ef við horfum á hvað hefur verið skrifað af sagnfræðiritum um samskipti þjóðanna þá er þetta allt annars konar rit. Menn voru svo lengi uppteknir af stjórnmálasambandinu og hvernig Íslendingar fóru út úr því og yfirleitt hefur það verið dregið upp frekar dökkum litum. En þarna erum við að horfa á Dani sem bjuggu hér og hvað þeir lögðu fram til uppbyggingar samfélagsins. Það er allt annað sjónarhorn en hefur tíðkast fram til þessa.“

Lengi vel hefur verið litið á Dani sem sérstaka valdastétt á Íslandi. Guðmundur segir að vissulega hafi þeir verið það fyrr á tímum. „Bæði í embættum og verslun, sérstaklega í verslun og segja má að blómatími þeirra nái fram yfir aldamótin nítjánhundruð. Við skoðum dálítið þá starfsemi eins og stóru kaupmennina á borð við Thomsen og fleiri sem setja mjög mark sitt á íslenskt samfélag á þeim tíma og mynda hálfgerða elítu með embættismönnum landsins fram yfir aldamótin. En svo þegar maður rekur þessa sögu fram eftir tuttugustu öldinni þá verður mikil breyting. Dönsku kaupmennirnir hverfa af vettvangi eftir 1910 en svo koma öðruvísi Danir til landsins. Allt öðruvísi.

Þetta kemur dálítið í bylgjum. Það kemur bylgja á þriðja áratugnum og fram á þann fjórða en svo sérstaklega eftir seinna stríð. Þá er slæmt ástand í Danmörku eftir heimsstyrjöldina og miklu meiri vinnu að hafa hér og hærra kaup. Svo gera sum félög, eins og t.d. Búnaðarfélagið, markvisst í því að laða fólk til landbúnaðarstarfa. Það var sett upp ráðningarskrifstofa til þess að fá ungt fólk til þess að setjast hér að og vinna í sveitum landsins. Þetta fólk sem var að koma á þessum tíma var ekki úr efri lögum samfélagsins heldur alþýðufólk og það starfaði við hinar og þessar atvinnugreinar.“

Guðmundur bendir á að Íslendingar hafi á þessu tímabili líka verið að flytja inn þekkingu með dönsku vinnuafli. „Danskir menn lögðu mikið til samfélagsins með því að koma með nýjungar í atvinnulífið. Sumar atvinnugreinar eru hreinlega byggðar upp af Dönum, þar má nefna t.d. mjólkurfræðingana, hjúkrunarfræðinga, garðyrkju, vélsmíði og verkfræði. Auðvitað sóttu Íslendingar líka sína menntun til Danmerkur en þetta hefur löngum verið svona ástar-haturssamband sem við höfum átt í við Dani af okkar hálfu. Við vildum losa okkur við yfirvaldið en njóta á sama tíma góðs af þessum nútímalegu atvinnuháttum þeirra og menningu.

Margt af þessu fólki ílengdist hér og þetta fólk hafði mikil áhrif á líf okkar og menningu. En það er fjallað um það sérstaklega í bókinni og afkomendur þessa fólks skipta þúsundum í dag. Danir og fólk af dönskum uppruna er óneitanlega ekki eins áberandi í íslensku þjóðlífi og áður enda hefur þetta fólk aðlagast hérna í gegnum árin.

En menningaráhrifin voru gríðarlega á þessum árum. Bókmenntir, kvikmyndir, tungumál og það eru margar skemmtilegar hliðar á þessum samskiptum. Revíurnar á fyrstu áratugum aldarinnar voru til að mynda flestar danskar og svo voru líka áhrifin á tónlistarlífið gríðarlega mikil og svo mætti lengi telja.“

Fyrir áhugasama má benda á málþing sem er öllum opið um bókina og umfjöllunarefni hennar í fyrirlestrasal Landsbókasafns Íslands í Þjóðarbókhlöðu á fimmtudaginn kl. 16-17.



**Guðmundur Jónsson sagnfræðingur segir Dani hafa lagt mikið til íslensks samfélags á mótunarárum þess á síðustu öld, bæði menningarlega og í tengslum við ýmsa atvinnustarfsemi.** Fréttablaðið/Pjetur



**Meðlimir í félaginu Det danske Selskab í lautarferð árið 1933.**

**MARGT AF ÞESSU FÓLKI ÍLENGDIST HÉR OG ÞETTA FÓLK HAFÐI MIKIL ÁHRIF Á LÍF OKKAR OG MENNINGU. EN ÞAÐ ER FJALLAÐ UM ÞAÐ SÉRSTAKLEGA Í BÓKINNI OG AFKOMENDUR ÞESSA FÓLKS SKIPTA ÞÚSUNDUM Í DAG.**




Eru þetta
þín skilaboð?
Einelti rænir mörg börn og unglinga gleðinni sem þau ættu að njóta.
**Á allra vörum** styrkir Erindi og uppbyggingu samskiptaseturs fyrir ungmenni sem glíma við einelti.
**Með því að kaupa Á allra vörum varasettið leggur þú þessu brýna málefni lið.**
Varasettið fæst á yfir 150 sölustöðum um land allt. Nánar um sölustaði, átakið og starfsemi Erindis á **aallravorum.is**, **erindi.is** og **facebook.com/aallravorum.is**
**#eineltieroged**
Á ALLRA VÖRUM
benecos
PIPAR\TBWA • SÍA
STÓRVELDIÐ
PIPAR\TBWA
benecos
GASSI STUDIO
vodafone










# Stórkostleg afmælisveisla Magga Eiríks

**TÓNLIST**

**Maggi Eiríks 70 ára**

**Afmælistónleikar í Eldborg Hörpu 19. september**

★★★★★

Það var öllu tjaldað til í Hörpu um helgina þegar einn ástsælasti lagahöfundur þjóðarinnar, Magnús Eiríksson, fagnaði sjötugsafmæli sínu með tvennum tónleikum á laugardag.

Á tónleikunum voru fluttar margar af perlum Magga sem hafa verið samofnar þjóðinni um árabil. Þau Pálmi Gunnarsson, Ellen Kristjánsdóttir, Valdimar Guðmundsson, Ragnheiður Gröndal og KK sungu lög Magga af mikilli snilld auk hans sjálfs á tónleikunum. Þar að auki voru strengjasveit og hljómsveit undir stjórn Þóris Úlfarssonar. Tónleikarnir voru afar vel heppnaðir og vel útsettir. Lagavalið var gott, farið var yfir ferilinn og helstu lögin tekin.

Á fyrri hluta tónleikanna fluttu tónlistarmennirnir lög Magga en eftir hlé kom hann fljótlega sjálfur á sviðið og var innilega fagnað af aðdáendum sem stóðu upp og hylltu afmælisbarnið. Tónleikarnir voru vel útfærðir, hver söngvari var stutt á sviðinu í senn og gaf það tónleikunum mikið líf.

Það var skemmtilegt að heyra lögin Ómissandi fólk sem Ellen söng og Jesús Kristur og ég sungið af kvenmannsröddum en annars er erfitt að velja uppáhaldslag á tónleikunum því þau voru öll flutt af mikilli prýði. Það var svo afar falleg stund þegar hljómsveitin yfirgaf sviðið um stund og Maggi og synir hans tóku nokkur lög saman.

Hafandi verið mikill aðdáandi lagasmíða Magga um árabil þá saknaði ég kannski hvað helst að sjá Ragnhildi Gísladóttur flytja lögin Draumaprinsinn og Hvað um mig og þig? en það kom þó ekki að svo mikilli sök því Ragnheiður Gröndal flutti þau af mikilli snilld. Ég hefði líka viljað hafa Þorparann inni í prógramminu en geri mér grein fyrir því að það er ekki auðvelt að velja úr lögum fyrir slíka tónleika þar sem eftir Magga liggja ótal perlur og misjafn er smekkur manna.

Í heildina séð voru þetta stórkostlega vel heppnaðir tónleikar, einhverjir þeir bestu sem ég hef farið á. Vandað var til verka í alla staði, tónlistarmennirnir stóðu sig vel og flutningur þeirra nánast fullkominn. Frábær kvöldstund í Hörpu og ég er strax farin að hlakka til 75 ára afmælistónleika meistarans því af nægu er að taka í lagasafni Magga.

**Viktoría Hermannsdóttir**



**Maggi Eiríks er hér ásamt sonum sínum á tónleikunum en það var afar falleg stund þegar hljómsveitin yfirgaf sviðið og feðgarnir tóku nokkur lög saman.** Mynd/Mummi Lú

# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

**22. SEPTEMBER 2015**



## Tónleikar

**Hvað?** Afmælistónleikar Sesars A
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kaffibarinn, Bergstaðastræti 1, 101 Reykjavík
Einn af frumkvöðlum íslenskrar rapptónlistar, Sesar A, heldur upp á afmæli sitt með tónleikum á Kaffibarnum. Langt er síðan rapptónleikar voru haldnir þar síðast. DJ Kocoon þeytir skífum og mun Karlakórinn Bartónar taka lagið undir stjórn Jóns Svavars Jósefssonar. Afmælisbarnið stígur einnig á svið og tekur lagið. Honum til halds og trausts verður óvæntur leynigestur sem tengist afmælisbarninu tryggðaböndum. Seasar A mun flytja lög af nýrri plötu, sem ber titilinn Vox Populi. Gleðin stendur til klukkan eitt og er frítt inn.

**Hvað?** KexJazz
**Hvenær?** 20.30 – 22.00
**Hvar?** Kex Hostel, Skúlagötu 28, 101 Reykjavík
Djasskvöld á Kexi eru haldin á þriðjudagskvöldum. Þar kemur iðulega fram fjölbreyttur hópur listamanna.

## Hlaup

**Hvað?** Flensborgarhlaupið 2015
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Við Flensborgarskólann í Hafnarfirði.



Hið árlega Flensborgarhlaup fer fram í Hafnarfirðinum. Keppendur geta valið um þrjár vegalengdir; 3, 5 og 10 km. Hlaupið er í samstarfi við hlaupahópa FH og Hauka. Ágóði af hlaupinu rennur til MS-félagsins, til styrktar ungu fólki sem greinst hefur með sjúkdóminn.

## Uppákomur

**Hvað?** FIFA-mót Ölhússins
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Ölhúsinu - Ölstofu Hafnarfjarðar
Ölhúsið og Sena halda sérstakt FIFA 16 forsýningarmót í Hafnarfirðinum í dag. Miðar á leikinn fara ekki í sölu fyrr en daginn eftir. Fyrstu sextán sem greiða þátttökugjald hafa keppnisrétt á mótinu. Leikið er í fjórum riðlum og komast efstu tveir úr hverjum riðli í útsláttarkeppni. Skráning fer fram í Ölhúsinu. Sigurvegarinn fær Playstation 4 tölvu að launum.

**Hvað?** Bókakvöld VÍB
**Hvar?** 17.00 – 17.00
**Hvar?** VÍB, Kirkjusandi 2, 105 Reykjavík
VÍB heldur fróðlegt bókakvöld þar sem rætt verður um bókina Flash Boys eftir Michael Lewis og hátíðniviðskipti á verðbréfamörkuðum.



# SÚPUKJÖTSTILBOÐ!

*Í haustlægðunum er fátt betra en að sitja inni og njóta dýrindis kjötsúpu. Þú færð allt í súpuna á ótrúlegu verði í Iceland.*




Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.




**Borgaðu** með símanum á einfaldan og öruggan máta með Netgíró.

Við sendum þér reikning í netbankann og þú færð allt að **14 daga vaxtalausan greiðslufrest.**

Skráðu þig á **www.netgiro.is**

Netgíró
Betri leið til að borga

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur



**2 | 20:30**
**OUR LIVES: THE MEN WITH MANY WIVES**
Vandaður breskur þáttur um fjölkvæni í Bretlandi sem er að færast í aukana meðal múslima þar í landi þrátt fyrir að vera bannað samkvæmt lögum.

FRÁBÆR
**ÞRIÐJUDAGUR**
Fáðu þér áskrift á **365.is**
**365**

**2 | 19:25**
**HJÁLPARHÖND**
Vönduð þáttaröð sem fjallar um fjölbreytt og óeigingjarnt starf sjálfboðaliða á Íslandi. Störfin eru jafnólík og þau eru mörg en eiga það sameiginlegt að styrkja stoðir samfélagsins.



**2 | 19:55**
**PROJECT GREENLIGHT**
Raunveruleikaþættir þar sem leikararnir Matt Damon og Ben Affleck leitast við að skoða gerð kvikmynda og leiðbeina þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í kvikmyndagerð.




**2 | 21:20**
**THE CASUAL VACANCY**
Þegar bæjarfulltrúinn í breska bænum Pagford lætur skyndilega lífið eru margir bæjarbúar sem sækjast eftir starfi hans.




**b | 22:00**
**WHITE HOUSE DOWN**
Frábær spennumynd með Channing Tatum, Jamie Foxx og Maggie Gyllenhaal í aðalhlutverkum.



**3 | 20:20**
**ONE BORN EVERY MINUTE**
Vandaðir og áhugaverðir þættir þar sem fylgst er með komu nýrra einstaklinga í heiminn.



**Krakkastöðin | 18:00**
**KALLI Á ÞAKINU**
Bráðfjörug teiknimynd með óþekkasta Kalla í heimi, Kalla á þakinu.



©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.** Nánari upplýsingar á **365.is**

## STÖÐ 2

**07:00** Barnatími Stöðvar 2
**08:05** The Middle
**08:30** Junior Masterchef Australia .
**09:15** Bold and the Beautiful
**09:35** The Doctors
**10:15** The World's Strictest Parents Barnauppeldi er enginn hægðarleikur, sérstaklega ekki nú á síðari tímum. Í þessum skemmtilegu og fróðlegu þáttum er fylgst með nokkrum óviðráðanlegum unglingum þar sem þeir eru sendir, í nokkra daga, úr landi til að búa hjá fjölskyldum sem eru þekktar fyrir strangt uppeldi og aðhald. Þessir unglingar þurfa að hlýða þeim reglum sem eru á heimilinu og foreldrar þeirra vonast til að fá betrumbættan einstakling heim aftur.
**11:20** Sælkeraheimsreisa um Reykjavík
**11:45** Hið blómlega bú 3
**12:15** Lífsstíll
**12:35** Nágrannar
**13:00** Britain's Got Talent
**14:10** Britain's Got Talent
**14:35** Mr Selfridge
**15:20** The Amazing Race
**16:05** Veep
**16:35** Teen Titans Go
**16:55** Weird Loners
**17:20** Bold and the Beautiful
**17:40** Nágrannar
**18:05** Simpson-fjölskyldan
**18:30** Fréttir Stöðvar 2
**18:47** Íþróttir
**18:55** Ísland í dag
**19:25** Hjálparhönd
**19:55** Project Greenlight
**20:30** Our Lives: The Men with Many Wives Vandaður breskur þáttur um fjölkvæni í Bretlandi.
**21:20** The Casual Vacancy
**22:20** The Strain
**23:05** Louie
**23:30** Covert Affairs
**00:15** Mistresses
**01:00** Rita
**01:45** Major Crimes
**02:30** I, Frankenstein
**04:00** Look Again
**05:30** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

**08.35** Ítalski boltinn
**10.15** Meistaradeildin í handbolta - markaþáttur
**10.45** Meistaradeildin í handbolta
**12.10** Spænski boltinn
**13.50** Spænsku mörkin
**14.20** UEFA Champions League
**16.05** Meistaradeild Evrópu
**16.30** Ítalski boltinn
**18.10** Ítölsku mörkin
**18.40** Ítalski boltinn Udinese - AC Milan Bein útsending frá leik Udinese og AC Milan í ítölsku úrvalsdeildinni.
**20.45** Pepsímörkin
**22.00** UEFA Champions League
**23.45** UFC Now
**00.35** Ítalski boltinn

## SPORT 2

**08.00** Messan
**10.30** Premier League
**12.20** Premier League
**14.10** Premier League World
**14.40** Premier League
**16.25** Pepsi deildin
**18.15** Premier League
**20.00** Premier League Review
**20.55** Football League Show
**21.25** Messan
**22.40** Premier League
**00.25** Premier League

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** PGA Tour
**12.05** PGA Tour - Highlights
**13.00** Solheim Cup
**18.00** Golfing World
**18.50** PGA Tour
**22.50** Golfing World
**23.40** PGA Tour - Highlights

## STÖÐ 3

**18:35** Baby Daddy
**19:00** World's Strictest Parents
**20:00** Suburgatory Skemmtileg gamanþáttaröð um raunir unglingsstúlku sem er ósátt við flutning úr borg í úthverfi, þar sem mannlífið er talsvert ólíkt því sem hún á að venjast.
**20:20** One Born Every Minute
**21:10** Justified
**21:55** The Last Ship
**22:40** Legit
**23:00** The Originals Önnur spennuþáttaröðin sem fjallar um Mikaelsons fjölskylduna en meðlimir hennar eru jafnframt þeir fyrstu af hinum svokölluðu ofurvampírum en þær geta lifað í dagsljósi. Þættirnir eru frá framleiðendum The Vampire Diaries.
**23:45** The Mysteries of Laura
**00:30** World's Strictest Parents
**01:30** Suburgatory
**01:55** One Born Every Minute
**02:40** Justified
**03:25** The Last Ship
**04:05** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Dóra könnuður
**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.45** Doddi litli og Eyrnastór
**07.55** Hókus Pókus
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Tom and Jerry
**09.00** Brunabílarnir
**09.22** Lukku láki
**09.47** Elías
**10.00** Kalli á þakinu
**10.25** Latibær
**10.47** Stóri og Litli
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.45** Doddi litli og Eyrnastór
**11.55** Hókus Pókus
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.45** Tom and Jerry
**13.00** Brunabílarnir
**13.22** Lukku láki
**13.47** Elías
**14.00** Kalli á þakinu
**14.25** Latibær
**14.49** Stóri og LitliSkemmtilegir þættir um tvo uppátækjasama félaga sem lenda í alls kyns ævintýrum.
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.45** Doddi litli og Eyrnastór
**15.55** Hókus Pókus
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.45** Tom and Jerry (chuck jones)
**16.55** UKI
**17.00** Brunabílarnir
**17.22** Lukku láki
**17.47** Elías
**18.00** Kalli á þakinu
**18.25** Latibær
**18.49** Stóri og Litli
**19.00** Pláneta 51

## GULLSTÖÐIN

**17:20** Strákarnir
**17:50** Friends
**18:15** The New Girl
**18:35** Selfie
**19:00** Modern Family
**19:25** Veggfóður
**20:15** Tossarnir
**21:00** Grey's Anatomy
**21:45** Fringe
**22:25** Cold Case
**23:10** Chuck
**23:55** Veggfóður
**00:40** Tossarnir
**01:25** Fringe
**02:10** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**10:50** Edward Scissorhands
**12:35** Mary and Martha
**14:10** The Mask of Zorro
**16:25** Edward Scissorhands
**18:10** Mary and Martha
**19:45** The Mask of Zorro
**22:00** White House Down Spennumynd frá 2013 með Channing Tatum, Jamie Foxx og Maggie Gyllenhaal í aðalhlutverkum. John Cale lögreglumaður ákveður einn daginn að fara í kynnisferð um Hvíta húsið ásamt ungri dóttur sinni. Allt fer síðan á annan endann þegar þrautþjálfaður herflokkur ræðst inn í húsið og hernemur það. John þarf nú ekki einungis að gæta að eigin lífi og dóttur sinnar, heldur þarf hann að vernda forseta Bandaríkjanna líka. Leikstjóri er Roland Emmerich.
**00:10** Love Ranch .
**02:10** The Grey
**04:05** White House Down

## RÚV

**16.00** Séra Brown
**16.45** Táknmálsfréttir
**16.55** Friðþjófur forvitni
**17.20** Millý spyr
**17.27** Sanjay og Craig
**17.50** Öldin hennar
**18.00** Fréttir
**18.15** Íþróttir
**18.20** Veður
**18.30** Ísland - Hvíta-Rússland Bein útsending frá leik Íslands og Hvíta-Rússlands í forkeppni Evrópumóts kvenna í fótbolta 2017.
**20.45** Hetjurnar
**21.15** Hefnd
**22.00** Tíufréttir
**22.20** Veðurfréttir
**22.25** Kóðinn Pólitísk, áströlsk spennuþáttaröð. Tvær unglingsstúlkur slasast alvarlega í bílslysi í miðri eyðimörk Ástralíu. Sú staðreynd að enginn hringir á aðstoð stúlkunum til bjargar vekur forvitni ungs blaðamanns. Hann fær bróður sinn í lið með sér til að komast að hinu sanna en setur þá báða í stórhættu í leiðinni. Aðalhlutverk: Dan Spielman, Ashley Zukerman og Adele Perovic. Leikstjóri: Shawn Seet. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20** Vitning
**00.20** Fréttir
**00.35** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.22** Dr. Phil
**09.04** The Biggest Loser
**09.46** The Biggest Loser
**10.31** Pepsi MAX tónlist
**13.00** Bundesliga Weekly
**13.30** Cheers
**13.55** Dr. Phil
**14.35** The Office
**15.00** Top Chef
**15.45** The Good Wife
**16.25** Eureka
**17.05** America's Next Top Model
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Late Late Show
**19.50** Black-ish Nýrík fjölskylda tekst á við þær breytingar að efnast hratt og koma sér sífellt í aðstæður sem hún á erfitt með að vinna úr.
**20.15** Reign
**21.00** Ray Donovan
**21.45** Ray Donovan
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** American Odyssey
**00.35** Girlfriends' Guide to Divorce
**01.20** Satisfaction
**02.05** Ray Donovan
**02.50** Ray Donovan
**03.35** The Tonight Show
**04.15** The Late Late Show
**04.55** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



# Komdu og veldu þér sæti

## Regina
3ja sæta sófi og stóll

Fallegur og vandaður sófi og stóll í klassískum stíl. Dökk- og ljósgrátt áklæði og viðarfætur. Stærð sófa: 200 x 80 H: 82 cm.

**Ótrúlegt Dormaverð**
Sófi aðeins **69.900 kr.**

**Ótrúlegt Dormaverð.**
Stóll aðeins **39.900 kr.**



MEIRA Á **dorma.is**

## Jackpot
tungusófi




Slitsterkt áklæði, grátt eða antrasite. Hægri og vinstri tunga.

**Fullt verð: 119.900**

Aðeins **89.900 kr.**



KLASSÍSK **hönnun**

## Boogie
3ja sæta sófi

Slitsterkt áklæði í mörgum litum.
Hægri og vinstri tunga. Stærð: 186 x 77 cm, H: 85 cm.

**Fullt verð: 99.900 kr.**

Aðeins **79.900 kr.**



ÁTTU VON Á **gestum?**

## Ruben
svefnsófi með tungu

Grátt slitsterkt áklæði. Hægri og vinstri tunga. Rúmfatageymsla í tungu. Stærð: 240/160 x 90 cm H: 85 cm. Svefnsvæði: 140x195 cm.

**Fullt verð: 139.900 kr.**

Aðeins **99.900 kr.**



## MONTARIO
svefnsófi

Rúmfatageymsla og vandað, slitsterkt áklæði. Stærð sófa: 158x90 cm.

**Fullt verð: 99.900 kr.**



Svefnsvæði: 140x200 cm.

Aðeins **79.900 kr.**

**Afgreiðslutími**
Mánudaga til föstudaga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16
**www.dorma.is**

**Holtagörðum**
512 6800
**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100

DORMA
Láttu drauminn rætast

# Game of Thrones setti nýtt met

**Emmy-verðlaunahátíðin** fór fram með pompi og prakt í 67. sinn í Los Angeles á sunnudagskvöld. Kynnir hátíðarinnar var Andy Samberg og vann þáttaserían Game of Thrones til 12 verðlauna um kvöldið.



Peter Dinklage hlaut verðlaun sem besti leikari í aukahlutverki í dramaþáttaröð en hann fer með hlutverk Tyrions Lannister í Game of Thrones. Hann var augljóslega mjög ánægður.

Andy Samberg var kynnir hátíðarinnar og var hann í fyrsta sinn í því hlutverki. Gerður var góður rómur að frammistöðu hans og þótti hann þrælfyndinn.



Game of Thrones fékk tólf verðlaun þetta kvöldið og sló þar með met West Wing frá árinu 2000 sem vann þá til níu verðlauna. NordicPhotos/Getty



Uzo Aduba hlaut í annað sinn verðlaun sem besta leikkona í aukahlutverki fyrir hlutverk sitt sem Suzanne „Crazy Eyes“ Warren í Orange Is the New Black og hefur ræðan sem hún flutti vakið mikla athygli.



Jon Hamm velti sér upp á sviðið þegar hann hlaut verðlaun sem besti leikari í aðalhlutverki í dramaþáttaseríu fyrir hlutverk sitt í Mad Men.

## Helstu sigurvegarar kvöldsins

**Besta dramaþáttaröð**
Game of Thrones
**Besta gamanþáttaröð**
Veep
**Besta leikkona í aukahlutverki í dramaþáttaröð**
Uzo Aduba (Orange Is the New Black)
**Besti leikari í aðalhlutverki í dramaþáttaröð**
Jon Hamm (Mad Men)
**Besta leikkona í aðalhlutverki í dramaþáttaröð**
Viola Davis (How to Get Away With Murder)
**Besti leikari í aukahluverki í dramaþáttaröð**
Peter Dinklage (Game of Thrones)
**Besta leikkona í aðalhlutverki í gamanþáttaröð**
Julia Louis-Dreyfus (Veep)
**Besta stutta þáttaserían**
Olive Kitteridge
**Besta leikkona í aukahlutverki í gamanþáttaröð**
Allison Janney (Mom)
**Besti raunveruleikaþátturinn**
The Voice
**Besta leikkona í aðalhlutverki í stuttri þáttaröð**
Frances McDormand (Olive Kitteridge)
**Besti leikari í aðalhlutverki í stuttri þáttaröð**
Richard Jenkins (Olive Kitteridge)
**Besti leikari í aðalhlutverki í gamanþáttaröð**
Jeffrey Tambor (Transparent)
**Besti leikari í aukahlutverki í gamanþáttaröð**
Tony Hale (Veep)
**Besta leikkona í aukahlutverki í stuttri þáttaröð**
Regina King (American Crime)
**Bestu handritaskrif fyrir dramaþáttaröð**
D. B. Weiss og David Benioff (Game of Thrones)
**Besti leikari í aukahlutverki í stuttri þáttaröð**
Bill Murray (Olive Kitteridge)
**Besti leikstjóri dramaþáttaraðar**
David Nutter (Game of Thrones)
**Bestu handritaskrif að gamanþáttaröð**
Armando Iannucci, Simon Blackwell og Tony Roche (Veep)
**Besti leikstjóri að gamanþáttaröð**
Jill Soloway (Transparent)
**Bestu handritaskrif fyrir stutta þáttaröð**
Jane Anderson (Olive Kitteridge)
**Besti leikstjóri að stuttri þáttaröð**
Lisa Cholodenko (Olive Kitteridge)
**Besti sketsaþáttur**
Inside Amy Schumer
**Besti spjallþáttur**
The Daily Show
**Besti kynnir í raunveruleikaþætti**
Jane Lynch (Hollywood Game Night)
**Besti fræðsluþáttur**
Anthony Boudain Parts Unknown
**Besti heimildarmyndaþáttur**
The Jinx: The Life And Deaths of Robert Durst



Lady Gaga vakti athygli líkt og endranær á hátíðinni en hún klæddist þessum hvíta kjól í FOX-eftirpartiinu. Söngkonan afhenti Richard Jenkins verðlaun fyrir að vera besti leikarinn í stuttri þáttaröð.



Marilyn Manson lét sig ekki vanta í parti á Plaza eftir hátíðina.



Viola Davis hlaut verðlaun sem besta leikkona í aðalhlutverki í dramaþáttaröð fyrir hlutverk sitt sem Annalise Keating í How to Get Away with Murder. Davis braut blað í sögunni og varð fyrsta þeldökka konan til þess að hljóta verðlaun fyrir aðalhlutverk í dramaþáttaröð.


Í REYKJAVÍK VEGNA FJÖLDA ÁSKORANNA!
MIÐASALA HEFST Á FIMMTUDAG KL. 10 Á TIX!
SÉRSTAKIR GESTIR
GUNNAR ÞÓRÐARSON
ÞÓRIR BALDURSSON
BARNABÖRN RÚNARS
HÁSKÓLABÍÓ
31. OKTÓBER
RÚNAR JÚL
70
SVEITAPILTSINS DRAUMUR
EYÞÓR INGI · MAGNI · VALDIMAR · SALKA SÓL
SÖGUMAÐUR BALDUR ÞÓRIR GUÐMUNDSSON TROMMUR JÚLÍUS FREYR GUÐMUNDSSON
BASSI INGI BJÖRN INGASON GÍTARAR TRYGGVI HUBNER · BIRKIR RAFN GÍSLASON · BJÖRGVIN ÍVAR BALDURSSON
BAKRÖDD LILJA BJÖRK RUNÓLFSDÓTTIR MYNDSKREYTINGAR DAVÍÐ ÖRN ÓSKARSSON
ORGEL OG HLJÓMSVEITARSTJÓRN JÓN ÓLAFSSON
MIÐASALA FER FRAM Á TIX.IS OG Í SÍMA 551-3800.
NÁNAR Á SENA.IS/RUNAR
sena








# Stjörnusprengja á Íslandi

Justin Bieber og Mads Mikkelsen eiga það sameiginlegt að vera báðir staddir hér á landi og því nýjustu Íslandsvinirnir í sístækkandi safni. Koma poppprinsins hefur vakið mikla athygli, umtalsvert meiri en koma þess danska.



Fréttir um að kanadíski poppprinsinn Justin Bieber sé á landinu hafa farið sem eldur í sinu um samfélagsmiðlana og hafa myndirnar talað sínu máli.

Sást kappinn fyrst í Reykjanesbæ um hádegið í gær, þar sem hann gæddi sér á kalkúnabringubát frá Subway og smellti af sér sjálfu við sjávarsíðuna með vinum.

Þar bað hann aðdáendur jafnframt um að slaka á myndatökunum. Næst fréttist af kappanum á Reykjanesbrautinni með þeim afleiðingum að hann var eltur alla leið á Selfoss, þar sem prinsinn stoppaði á Olís og brá sér þar á salernið, meðan lífverðirnir bægðu myndasjúkum frá.

Smelltu starfsmenn myndum af klósettinu, sem var skilið eftir opið, og settu á netið. Sú frétt var jafnframt einhver sú mest lesna á Vísi í gær.

Bieber gaf að lokinni salernisferð færi á myndatöku, gegn því skilyrði að hætt yrði að elta hann og myndirnar ekki birtar fyrr en eftir tvo daga, þegar hann mun hverfa af landi brott.

Bieber hefur tíst því á Twitter að dagurinn hafi verið yndislegur og birti hann einnig af sér myndband á Youtube-rásinni Justin Bieber Videos 2.0 þar sem hann segist staddur hér á landi með ljósmyndaranum og vini sínum Chris Burkard.

Svo vinsæll er poppsöngvarinn að aðdáendur hans kalla sig gjarnan Beliebers en upphaf þess má rekja til ársins 2010 þegar vinsældir kappans tóku að aukast.

## Hver er Justin Bieber?

- Justin Drew Bieber er fæddur þann 1. mars árið 1994.
- Hann fæddist í London en er alinn upp í Kanada.
- Bieber var uppgötvaður af umboðsmanninum Scooter Braun árið 2007 en Braun rakst á myndbönd sem Bieber hafði hlaðið inn á vefsíðuna Youtube af sér að syngja lagið With You eftir Chris Brown.
- Hann gaf út sína fyrstu smáskífu í nóvember árið 2009 og ber hún nafnið My World.
- Hann hefur nú gefið út þrjár stúdíóplötur. My World 2.0, Under the Mistletoe og Believe.
- Mest streymda myndband Biebers á Youtube er við lagið Baby, sem gefið var út árið 2010 en myndbandinu hefur verið streymt 1.214.181.438 sinnum en lagið gerði hann með rapparanum Ludacris.
- Mest streymda lag Biebers á Spotify er lagið What Do You Mean? en alls hefur það verið spilað 99.984.918 sinnum.
- Bieber hefur einnig verið áberandi í fjölmiðlum vestanhafs fyrir að koma sér í vandræði og í kast við lögin og einnig var talsvert mikið fjallað um haltu-mér-slepptu-mér samband hans við söngkonuna Selenu Gomez á slúðurmiðlunum.





## Mads Mikkelsen líka á landinu

Justin Bieber er ekki eina stjarnan sem stödd er á landinu um þessar mundir því danski leikarinn Mads Mikkelsen er einnig á Íslandi.

Mikkelsen mun vera hér við tökur á nýjustu Star Wars-myndinni, Rouge One. Tökur hafa staðið yfir við Hjörleifshöfða og Hafursey á Mýrdalssandi.

Ekki hefur verið staðfest hvaða hlutverk Mikkelsen fer með í stjörnustríðsmyndinni en margir veðjuðu á að hann færi með hlutverk vonda karlsins. Leikarinn blés þó á þær sögur í viðtali við danska blaðið Ekstra Bladet þar sem hann sagði hlutverkið veigamikið og að karakter hans væri ekki beinlínis vondi kallinn.

Í sama viðtali sagði hann einnig frá því að tökur myndu fara fram á Íslandi og Englandi og myndu standa yfir í um þrjá mánuði.

Leikarinn er sjálfsagt einna þekktastur fyrir hlutverk sitt sem Le Chiffre í James Bond-myndinni Casino Royale en hann hefur einnig leikið Dr. Hannibal Lecter í þáttaseríunum Hannibal og einnig fór hann með hlutverk í tónlistarmyndbandi poppsöngkonunnar Rihanna við lagið Bitch Better Have My Money, sem fékk talsverða athygli.

Talið er að Mads hafi komið fyrir nokkrum dögum og sást hann til dæmis hafa það ansi náðugt á veitingastaðnum Snaps við Þórsgötu í miðborginni í gær.

Verður að segjast að töluvert minni æsingur er í kringum heimsókn þess danska en bandarísku poppstjörnunnar.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjalti Egilsson *hjalti@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir *geira@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




# EKKI MISSA AF ÞESSUM!

FLUGIÐ HEFST Á NÝ OG SÝNINGAR
HAUSTSINS ÓÐUM AÐ FYLLAST

**Tryggðu þér miða strax**

## DÚKKUHEIMILI

Mið 23/9 kl. 20 UPPSELT
Lau 26/9 kl. 20 UPPSELT
Fim 1/10 kl. 20 UPPSELT
Fös 2/10 kl. 20 UPPSELT
Sun 4/10 kl. 20 ÖRFÁ SÆTI

Takmarkaður sýningafjöldi!

## BILLY ELLIOT

Fim 24/9 kl.19 ÖRFÁ SÆTI
Fös 25/9 kl.19 ÖRFÁ SÆTI
Sun 27/9 kl.19
Lau 3/10 kl.19 Aukas.
Sun 4/10 kl.19
Fös 9/10 kl. 19
Lau 10/10 kl. 19

Ósóttar pantarnir seldar daglega

## LÍNA LANGSOKKUR

Sun 27/9 kl. 13 ÖRFÁ SÆTI
Sun 4/10 kl. 13 ÖRFÁ SÆTI
Lau 10/10 kl.13
Sun 18/10 kl. 13
Sun 25/10 kl. 13
Sun 1/11 kl. 13

Sterkasta stelpa í heimi heldur áfram

**MIÐASALA | 568 8000 | borgarleikhus.is**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**




Erlu Bjargar Gunnarsdóttur


## Mamma manneskjumenni

**Í fjörutíu ár hefur mamma mín farið í vinnuna á kvöldin og á nóttinni. Um helgar og á páskunum. Á afmælinu mínu og þegar það er opið hús í skólanum. Við höfum haldið jól á öllum tímum og stundum fengið okkur snarl á miðnætti. Þegar mamma kemur heim úr vinnunni.**

Í vinnunni hjálpar hún alls konar fólki. Sem er veikt og hrætt. Ráðherrum og kennurum. Ógæfufólki og óperusöngvurum. Hún hjálpar þeim í föt og á klósettið. Að borða og þvo sér. Hlustar á áhyggjur þeirra. Klappar á öxlina og gerir grín til að létta lundina. Hún hughreystir áhyggjufulla aðstandendur. Segist ætla að hugsa vel um fólkið þeirra. Og hún breiðir yfir þá sem tapa baráttunni.

Sjúkraliðar eru með þeim lægst settu í heilbrigðiskerfinu þegar kemur að launakjörum. Og virðingu. Spyrjið síðan þá sem hafa legið lengi á spítala. Hvaða starfsmenn snertu hjarta þeirra? Lét þeim líða eins og manneskjum þegar það var erfitt að muna það sjálfur?

Vissuð þið að sjúkraliðastarfið er það starf sem þykir einna ólíklegast til að verða sjálfvirkt og unnið af vélmennum í framtíðinni? Það er af því að tölvur geta ekki sýnt hluttekningu. Eru ekki mannlegar. Með aukinni tölvuvæðingu getur verið að sjúkraliðastarfið verði æðislega smart og eftirsótt. Og þá mun koma í ljós að þetta starf er svo sannarlega ekki á allra færi.

En sú viðurkenning er fjarri lagi í dag. Þess vegna þurfa sjúkraliðar enn einu sinni að beita hörðu og stefna á verkfall í október. Og ég sem hef bölvað spítalanum fyrir að láta mömmu vinna of mikið á yfirfullum deildum, verið abbó út í sjúklinga þegar mig langar að hafa hana hjá mér og hringt milljón sinnum á deildina til að heyra aðeins í henni röddina – styð þessa manneskjustétt af öllu hjarta.

Því þegar ég verð lasin á spítala vil ég hafa mömmu mína hjá mér.


*Opið allan sólarhringinn*
*í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka*
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland




YFIRBURÐIR
Fréttablaðsins staðfestir



# Setjum heilsuna í fyrsta sæti
## Gerðu gæða- og verðsamanburð




**IQ-CARE**
**Ein besta heilsudýna í heimi**
**Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning. Einnig úrval af heilsukoddum**

REVERIE 3E Essential með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
**Verð aðeins kr. 349.900.-**

REVERIE 7S Supremem með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
**Verð aðeins kr. 449.900.-**

Kíktu á www.reverie.com

Reverie®
Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu heilsudýnum

- Tvíhert stálgrind
- Einföld og þægileg fjarstýring
- Hljóðlátir og kraftmiklir mótorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.

**Frábær hönnun**

- Hægt er að fá aukabúnað til að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
- Glæsileg fjarstýring með standi.
- Tvær innstungur á baki til að hlaða farsíma, fartölvu o.fl.
- Einnig hægt að tengja borðlampa o.fl.



Vinsælu rafstillanlegu hvíldarstólarnir og sófarnir komnir aftur.
Leður á slitflötum. Einstaklega þægilegir. Nokkrir litir.

Rafdrifinn hvíldarsófi
**aðeins kr. 219.900.-**
Rafdrifinn hvíldarstóll
**aðeins kr. 119.900.-**

Lyftustólinn vinsæli komin aftur
Verð aðeins **kr. 109.900.-**

**Stillanlegir hvíldarstólar**
**Verð frá kr. 89.900.-**

*Verona*
Lúxus rafstillanlegur tungusófi með þykku vönduðu leðri. Hægri eða vinstri tunga.
Verð kr. 499.000.-
**Kynningarverð aðeins kr. 399.200.-**




*3.5% lántökugjald

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

Svefn & heilsa
Fimm stjörnu verslun

**Listhúsinu Laugardal** - Sími 581 2233
**Baldursnesi 6, Akureyri** - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

**www.svefn.is**

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum


HEFST MÁN. 19. OKT.
THE KNICK
HBO
Sígildar þáttaraðir á Gullstöðinni
NÝTT HEFST Í JANÚAR 2016
VINYL
HBO
HBO á heima á Stöð 2
HBO státar af frábærum þáttaröðum sem eru jafnan afar umtalaðar og vinsælar. Meðal þáttaraða HBO má nefna Game of Thrones, Girls, The Knick og Vinyl. Stöð 2 hefur einkarétt á frumsýningum HBO á Íslandi og má því með sanni segja að HBO eigi heima á Stöð 2.
HBO
HEFST Í FEBRÚAR 2016
GIRLS
HEFST Í APRÍL 2016
GAME OF THRONES
HBO
ÞRIÐJUDAGA
PROJECT GREENLIGHT
HBO
MARAÞON
Taktu maraþon af Sopranos eða Mad Men.
Á Stöð 2 Maraþon finnur þú meira en 500 þætti af íslenskum og erlendum seríum.
The Sopranos
LATIBÆR ALLA DAGA
FRIENDS
Sopranos
modern family
KLOVN
Fríðindakerfi 365
Áskrifendur Skemmtipakkans fá sjálfvirkan afslátt hjá fjölda samstarfsfyrirtækja sem bjóða upp á vandaðar vörur og frábæra þjónustu.
Vild
American Graffiti
Klassískar kvikmyndir á Bíóstöðinni
TOP GUN
Ísland í dag
Eyjan
Eldhús Eyþórs
Matargleði Evu
Hindurvitni
Spilakvöld
Ísland Got Talent
Þær tvær
Hjálparhönd
HEIMILI HBO
Skemmtipakkinn
365
FÁRÁNLEGA FLOTTUR PAKKI
9.290 kr.
Aðeins 310 kr. á dag
365



Fáránlega gott verð

# ENDALAUST TAL OG 1 GB Á 1.990 KR.

Með völdum tilboðspökkum 365 færðu endalaust tal og 1 GB á 1.990 kr. á mánuði.

**Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is**

365.is | Sími 1817

365